

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslensk málfræði

Áhrif aukinnar enskunotkunar á íslenska málfræði

Breytileiki í háttanotkun og áhrif ílags

Ritgerð til M.A.-prófs í íslenskri málfræði

Elin Þórsdóttir

Kt.: 170892-2169

Leiðbeinendur: Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Sigurjónsdóttir

Maí 2018

Ágrip

Ýmis málfræðileg atriði geta haft áhrif á val á framsöguhætti og viðtengingarhætti í íslensku. Háttanotkun getur t.d. stjórnað eða orðið fyrir áhrifum frá merkingarflokki sagnar í móðursetningu, samtengingum, tíð eða neitun. Stundum miðast háttanotkun svo við tiltekna merkingu sem ætlunin er að koma á framfæri. Í íslensku er viðtengingarháttur notaður við sérstakar aðstæður, t.d. til að tákna von eða álit þess sem talar. Framsöguháttur táknar aftur á móti yfirleitt staðreyndir eða staðhæfingar.

Í þessari ritgerð er rætt um rannsókn sem sýnir að háttanotkun er á reiki þar sem yngri málnotendur eru líklegri en aðrir til að samþykkja nýjungar sem ekki samræmast málhefð. Þetta styður ýmsar aðrar rannsóknir á háttanotkun í íslensku. Ein möguleg ástæða málbreytinga af þessu tagi er breyting á ílagi. Breytt samfélagsgerð á Íslandi og aukin áhrif ensku gætu verið til marks um breytt ílag þar sem ílag á ensku hefur e.t.v. aukist á kostnað íslensku. Markmið þeirrar rannsóknar sem hér er fjallað um er að kanna hvort breyttar aðstæður og breytt ílag geti orðið til þess að hraða málbreytingum sem þegar eru hafnar í íslensku. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna að svo sé en þeir sem nota mikla ensku eru líklegri en aðrir til að samþykkja nýjungar í háttanotkun sem ekki samræmast málhefð. Fylgni á milli enskuílags og óhefðbundinnar háttanotkunar bendir til að breytt ílag og aukin enskunotkun í íslensku málsamfélagi geti haft áhrif á málbreytingar.

Lykilorð: háttanotkun, málbreytingar, ílag, málsambýli

Abstract

The choice between the indicative and the subjunctive moods in Icelandic can be influenced by many different factors. This choice can be affected or caused by the semantic relations of a verb in the matrix clause, conjunctions, tense or negation. Sometimes, this choice is based on the semantics of a sentence. In Icelandic, the subjunctive is used under certain conditions, for example to represent hope, obscurity or the opinion of the speaker. The indicative usually represents facts or statements. This thesis presents a study that shows that the choice between the indicative and the subjunctive moods in Icelandic has become obscure as young speakers are likely to accept novel forms under certain conditions. This is an ongoing syntactic change in Icelandic.

Linguistic input is a factor when it comes to language change. It has been claimed that Icelandic is losing ground to the globally dominant English. Consequently, the linguistic input in the Icelandic speech community has changed. This project aims to map the use of English in Iceland. Furthermore, the project investigates the relationship between language contact and known ongoing change (use of the subjunctive or the indicative mood). Preliminary results indicate that exposure to increased amounts of English may affect the linguistic knowledge of native speakers of Icelandic.

Key words: moods, indicative, subjunctive, language change, input, language contact

Formáli

Þessi meistararitgerð er liður í öndvegisverkefni Sigríðar Sigurjónsdóttur og Eiríks Rögnvaldssonar, *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*, sem styrkt er af Rannsóknasjóði Íslands.

Höfundur fékk þriggja mánaða styrk til verkefnisins.

Þakkir

Ég er þakklát mörgum sem aðstoðuðu mig með einum eða öðrum hætti við ritgerðarskrifin. Fyrst og fremst vil ég þó þakka leiðbeinendum mínum, Eiríki og Siggu, sérstaklega vel fyrir góða leiðsögn. Þau eru alltaf tilbúin til að aðstoða mig og gefa góð ráð. Þau hafa ekki aðeins reynst mér vel við vinnu þessa verkefnis heldur alla háskólagöngu mína. Fyrir það færi ég þeim bestu þakkir.

Sérstakar þakkir færi ég öllum í MoLiCoDiLaCo rannsóknarhópnum. Undanfarið ár hefur verið virkilega skemmtilegt, ánægjulegt og eiginlega alveg ógleymanlegt. Ég er virkilega heppin að eiga svona góða, hjálplega og skemmtilega samnemendur og samstarfsfélaga. Sérstaklega vil ég þó þakka Lilju og Dagbjörtu fyrir ánægjulegt samstarf og samfylgdina í meistaranáminu og rannsóknarvinnunni.

Í kjölfarið vil ég nýta tækifærið og þakka þeim 1.614 Íslendingum sem tóku þátt í vefkönnuninni, sem og þeim sem munu taka þátt í næstu skrefum rannsóknarinnar. Án þeirra væri þetta rannsóknarverkefni ekki mögulegt.

Að lokum vil ég þakka Atla, sambýlismanni mínum, fyrir ómetanlega aðstoð og stuðning. Hann hefur lesið yfir ófáar málfræðiritgerðir og ráðlagt mér við ýmiss konar tölfræðiúrvinnslu. Hann er líka alltaf tilbúinn að hlusta á mig tala um langdræga afturbeygingu, málstol, færeysku, málsambýli eða hvað sem mér dettur í hug hverju sinni. Honum færi ég bestu þakkir fyrir þolinmæði og endalausa hvatningu.

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| Ágrip | 1 |
| Abstract | 2 |
| Formáli..... | 3 |
| Þakkir..... | 4 |
| Myndaskrá..... | 7 |
| 1. Inngangur | 8 |
| 2. Breytt málumhverfi og aukið vægi ensku á Íslandi..... | 11 |
| 2.1. Aukið vægi ensku á alþjóðavettvangi | 11 |
| 2.2. Aukið vægi ensku á Íslandi | 15 |
| 3. Rannsóknarverkefnið <i>Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis</i> | 18 |
| 3.1. Áreiðanleiki niðurstaðna..... | 19 |
| 3.2. Framlag þessa meistaraverkefnis til rannsóknarinnar..... | 20 |
| 4. Dreifing framsöguháttar og viðtengingarháttar | 22 |
| 4.1. Aðalsetningar og háttanotkun | 23 |
| 4.2. Aukasetningar og háttanotkun | 25 |
| 4.2.1. Atvikssetningar | 25 |
| 4.2.2. Fallsetningar | 28 |
| 4.2.3. Tilvísunarsetningar | 32 |
| 4.2.4. Samantekt um aukasetningar og háttanotkun..... | 33 |
| 4.3. Þróun háttanotkunar í öðrum tungumálum..... | 35 |
| 4.4. Rannsóknir á breyttri háttanotkun í íslensku | 37 |
| 5. Málbreytingar og ílag | 40 |
| 5.1. Málbreytingar..... | 41 |

| | | |
|-----------|--|-----------|
| 5.2. | Ílag | 42 |
| 5.2.1. | Magn og gæði ílags..... | 43 |
| 5.2.2. | Skortur á ílagi: Málhrörnun, ófullkomin máltaka og erfðarmál | 46 |
| 6. | Enskunotkun og háttaval: Niðurstöður vefkönnunar | 50 |
| 6.1. | Almenn enskunotkun þátttakenda í vefkönnun | 51 |
| 6.2. | Virk og óvirk enskunotkun þátttakenda í vefkönnun | 54 |
| 6.3. | Mat á háttanotkun í vefkönnun miðað við aldur..... | 57 |
| 6.3.1. | Niðurstöður og greining: Hefðbundin háttanotkun | 59 |
| 6.3.2. | Niðurstöður og greining: Nýjungar í háttanotkun..... | 60 |
| 6.4. | Tengsl háttanotkunar og ílags á ensku | 63 |
| 6.4.1. | Háttanotkun 16-20 ára þátttakenda m.t.t. enskunotkunar | 66 |
| 6.4.2. | Háttanotkun 16-20 ára þátttakenda m.t.t. enskunotkunar: Öfgahópar .. | 68 |
| 6.5. | Samantekt og niðurstöður úr vefkönnun | 71 |
| 7. | Lokaorð | 73 |
| | Heimildaskrá | 76 |
| | Viðauki A | 85 |
| | Viðauki B | 86 |
| | Viðauki C..... | 90 |

Myndaskrá

| | |
|---|----|
| Mynd 1. Hættir sagna í íslensku | 22 |
| Mynd 2. Ólíkar formgerðir: Fallsetning sem fylliliður og atvikssetning sem viðhengi... | 29 |
| Mynd 3. Einkenni aukasetninga og háttanotkun innan þeirra..... | 34 |
| Mynd 4. Jákvætt mat á prófsetningum úr Tilbrigðaverkefningu | 39 |
| Mynd 5. Áhrif L2 á málkerfi L1 | 46 |
| Mynd 6. Tegundir málbreytinga skv. van der Wurff (1995)..... | 48 |
| Mynd 7. Hlutfall þeirra sem segjast tala ensku daglega í hverjum aldurshópi | 52 |
| Mynd 8. Hlutfall þeirra sem segjast lesa/hlusta á ensku daglega í hverjum aldurshópi | 53 |
| Mynd 9. Hlutfall daglegrar, virkrar enskunotkunar í hverjum aldurshópi | 56 |
| Mynd 10. Prófsetningar úr vefkönnun: Hefðbundin háttanotkun og nýjungar..... | 58 |
| Mynd 11. Mat þátttakenda á prófsetningu 4.a..... | 59 |
| Mynd 12. Jákvætt samþykkishlutfall allra aldurshópa á prófsetningum 1.b.-4.b..... | 61 |
| Mynd 13. Jákvætt samþykkishlutfall allra aldurshópa á prófsetningu 2.b. | 62 |
| Mynd 14. Enskunotkun þátttakenda metin með stigagjöf | 64 |
| Mynd 15. Hlutfallsleg skipting aldurshópa m.v. mikla/litla enskunotkun | 65 |
| Mynd 16. Mat 16-20 ára þátttakenda á óhefðbundnum setningum m.t.t. enskunotkunar..... | 67 |
| Mynd 17. Mat 16-20 ára þátttakenda á óhefðbundnum setningum m.t.t. enskunotkunar: Öfgahópar | 69 |
| Mynd 18. Mat á óhefðbundnum setningum hjá þeim sem nota mikla eða mjög mikla ensku..... | 70 |
| Mynd 19. Mat þátttakenda á prófsetningu 1.a..... | 86 |
| Mynd 20. Mat þátttakenda á prófsetningu 2.a..... | 87 |
| Mynd 21. Mat þátttakenda á prófsetningu 3.a..... | 88 |
| Mynd 22. Mat þátttakenda á prófsetningu 4.a..... | 89 |
| Mynd 23. Mat þátttakenda á prófsetningu 1.b. | 90 |
| Mynd 24. Mat þátttakenda á prófsetningu 2.b. | 91 |
| Mynd 25. Mat þátttakenda á prófsetningu 3.b. | 92 |
| Mynd 26. Mat þátttakenda á prófsetningu 4.b. | 93 |

1. Inngangur

Í kjölfar tæknibyltingar undanfarinna ára hefur enska náð aukinni útbreiðslu og yfirráðum á vissum sviðum, sér í lagi á vettvangi tækni og stafrænna miðla. Alþjóðleg útbreiðsla ensku er raunar algjörlega fordæmalaus. Í kjölfarið standa fleiri tungumál en nokkurn tímann áður frammi fyrir svokölluðu umdæmistapi (*e. domain loss*). Með því er átt við hættu á að notkunarsvið þjóðtungunnar skerðist vegna samkeppni við annað tungumál, í þessu tilfalli ensku (sjá t.d. Kristján Árnason, 2001:3-9). Þessi samkeppni er nú hörðust á vettvangi stafrænna miðla þar sem enska hefur algjör yfirráð.

Nýverið hófst rannsóknarverkefnið *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* innan Háskóla Íslands (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, í prentun; *Modeling the Linguistic Consequences of Digital Language Contact*, e.d.). Markmið verkefnisins er að rannsaka þessar málaðstæður hér á landi, eða svokallað „málsambýli“ (*e. language contact*) íslensku og ensku. Ætlunin er jafnframt að kanna áhrif eins tungumáls á annað þar sem sjónum er beint að notkun ensku á Íslandi. Rannsókn af þessu tagi getur enn fremur gagnast til að spá fyrir um almenna útbreiðslu ensku á kostnað þjóðtungna í smáum málsamfélögum.

Framlag þessa meistaraverkefnis til rannsóknarinnar er liður í kortlagningu á enskunotkun á Íslandi þar sem möguleg áhrif hennar á íslenskt mál eru könnuð. Í því skyni verður kannað hvort enskt ílag (*e. input*) og máláreiti, þ.e. aukin notkun ensku, hafi bein tengsl við afmarkaða þætti í íslensku. Kenningin er sú að þeir sem nota mikla ensku séu líklegri en aðrir til að vera í vafa um flókin eða mörkuð málfræðileg atriði í íslensku og jafnvel samþykkja nýjungar í máli. Þannig geti aukin notkun ensku í íslensku málsamfélagi t.d. orðið til þess að hraða málbreytingum sem þegar eru hafnar.

Til að athuga þetta verður fjallað um gögn sem var safnað með vefkönnun sumarið 2017. Hér verður lögð sérstök áhersla á mat þátttakenda í rannsókninni á háttanotkun í íslensku, þ.e. vali á framsöguhætti og viðtengingarhætti. Þær niðurstöður verða síðan settar í samhengi við enskunotkun þeirra. Rannsóknarmarkmið þessa meistaraverkefnis er því tvíþætt:

- 1) Kortleggja enskunotkun Íslendinga með tilliti til magns og gæða
- 2) Kanna breytingar í háttanotkun
 - Skoða val ólíkra aldurshópa á framsöguhætti og viðtengingarhætti til að kanna hvort almenn breyting sé að verða á háttanotkun í íslensku
 - Kanna óbein áhrif enskunotkunar til að athuga hvort þeir sem nota mikla ensku séu líklegri en aðrir til að samþykkja nýjungar í háttanotkun

Áður en þessum spurningum er svarað er rétt að fjalla um aukin ítök ensku á alþjóðavísu og á Íslandi. Þetta verður til umræðu í kafla 2. Í kafla 3 verður lítillega rætt um rannsóknarverkefnið *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* og framlag þessa meistaraverkefnis til rannsóknarinnar.

Þá er nauðsynlegt að fjalla um hefðbundna háttanotkun í íslensku og útskýra að val á milli framsöguháttar og viðtengingarháttar er ýmsum skilyrðum háð. Í (1) má t.d. sjá dæmi um hefðbundna háttanotkun í ólíkum setningum (þar sem sögn í aukasetningu hefur verið undirstrikuð):

- (1) a) Ég held [að þetta verði skemmtileg ritgerð]
viðtengingarháttur samkvæmt málhefð
- b) [Ef hún er skemmtileg] les ég hana alla
framsöguháttur samkvæmt málhefð

Nýverið hefur þó aukist að sjá setningar með háttavali sem ekki samræmist málhefð, líkt og sýnt er í (2) (þar sem sögn í aukasetningu hefur verið undirstrikuð):

- (2) a) Ég held [að þetta verður skemmtileg ritgerð]
framsöguháttur andstætt málhefð
- b) [Ef hún sé skemmtileg] les ég hana alla
viðtengingarháttur andstætt málhefð

Ef breytileiki hefur orðið í háttanotkun er e.t.v. hætt á að markaða formdeildin, viðtengingarháttur, standi höllum fæti. Þessi spá byggist m.a. á því að viðtengingarháttur er horfinn úr ýmsum grannmálum íslensku. Nýjustu rannsóknir í íslensku sýna aftur á móti fram á að viðtengingarháttur sé ekki endilega að hverfa (sjá t.d. Guðrúnu Þórðardóttur, 2006, 2012). Þær benda þó til að breytileiki í háttanotkun sé stöðugt að aukast. Þetta verður til umræðu í 4. kafla. Í kjölfarið verður rætt um málbreytingar af þessu tagi en ein möguleg ástæða málbreytinga er breyting á ílagi. Breytt samfélagsgerð á Íslandi og aukin áhrif ensku gætu einmitt verið til marks um breytt ílag þar sem notkun ensku hefur e.t.v. aukist á kostnað íslensku. Tengsl málbreytinga og ílags verða því rædd í 5. kafla.

Í 6. kafla verður svo fjallað um niðurstöður þessarar meistararannsóknar. Þar er lagt mat á enskunotkun Íslendinga og hún kortlögð í samhengi við kenningar um magn og gæði ílags. Niðurstöður sýna að enskunotkun hér á landi er umtalsverð en mest hjá ungu fólki á aldrinum 16-30 ára. Almennt fer enskunotkun Íslendinga að mestu fram á óvirkum (e. *receptive*) vettvangi. Með því er átt við að málnotkunin felst fyrst og fremst í e.k. móttöku eða túlkun á mállegum upplýsingum, t.d. með hlustun eða lestri. Aftur á móti er talað um að virk málnotkun (e. *productive*), t.d. tal eða ritun, felist í e.k. framleiðslu af hálfu málnotanda. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna enn fremur að ungt fólk er líklegra en aðrir til að nota ensku með virkum hætti sem gefur til kynna að enskunotkun hér á landi sé að breytast. Hvað háttanotkun varðar styður þessi rannsókn niðurstöður annarra nýlegra rannsókna þar sem háttanotkun Íslendinga er á meira reiki en áður. Þegar háttanotkun er skoðuð með tilliti til enskunotkunar kemur svo í ljós að þeir sem nota mikla ensku eru líklegri en aðrir til að samþykkja nýjungar.

Niðurstöður ritgerðarinnar benda því til að aukin enskunotkun Íslendinga geti haft áhrif á tilfinningu þeirra fyrir málfræðilegum atriðum í íslensku. Þannig hefur breytt ílag og aukin enskunotkun í íslensku málsamfélagi e.t.v. þau óbeinu áhrif að hraða málbreytingum sem þegar eru hafnar í íslensku, t.d. í vali á framsöguhætti og viðtengingarhætti.

2. Breytt málumhverfi og aukið vægi ensku á Íslandi

Þessi ritgerð er liður í rannsóknarverkefninu *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* sem var kynnt í kafla 1. Aukin áhrif ensku á alþjóðlegum vettvangi og möguleg áhrif á smá málsamfélög voru kveikjan að þeirri rannsókn. Framlag þessa meistaraverkefnis er liður í að kortleggja aukna enskunotkun og kanna möguleg áhrif hennar, bein eða óbein, á háttanotkun í íslensku. Áður en fjallað verður um rannsóknina er rétt að ræða lítillega um breytt málumhverfi á Íslandi og ástæður þess að tilefni er til að kanna stöðu íslensku í þessum nýju aðstæðum. Í þessum kafla verður því fjallað um aukið vægi ensku á alþjóðlegum vettvangi og stöðu ensku á Íslandi.

2.1. Aukið vægi ensku á alþjóðavettvangi

Um 1960 voru enskumælandi móðurmálshafar mun fleiri en þeir sem töluðu ensku sem annað mál. Í dag hefur staðan hins vegar gjörbreyst. Upp úr síðustu aldamótum var talið að um fjórðungur heimsbyggðarinnar væri fær um að tjá sig á ensku. Þar af átti aðeins fjórðungur málfarfanna sér ensku að móðurmáli (e. *native language*) en um 75% töluðu ensku sem annað mál (e. *second language*). Nú, um tveimur áratugum síðar, er ekki ólíklegt að enskumælandi málhöfum í heiminum hafi fjölgað enn frekar. Málumhverfi ensku hefur því breyst umtalsvert á síðustu áratugum en langflestir þeirra sem tala hana eiga sér eitthvað annað móðurmál (Crystal, 2003:69). Alþjóðleg útbreiðsla ensku er algjörlega fordæmalaus (sjá t.d. Crystal, 2003:69-71; Seidlhofer, 2011). Í þessari umræðu er heildarfjöldi málfarfa ekki það athyglisverðasta heldur hraði útrásarinnar (en líkt og hér var nefnt hefur staða ensku gjörbreyst frá miðri síðustu öld eða á nokkrum áratugum).

Í kjölfar tæknibyltingar hefur enska náð aukinni útbreiðslu og yfirráðum á vissum sviðum, sér í lagi á vettvangi tækni og stafrænna miðla. Tækni af þessu tagi, t.a.m. í tölvum eða sínum, leikur sífellt stærra hlutverki í daglegu lífi almennra notenda. Tæknin nýtist neytendum á margvíslegan máta og er bæði til gagns og afþreyingar. Á þessu sviði hefur enska haft ákveðin yfirráð. Ýmsir telja að þetta sé helsta ástæðan fyrir því að enska

hefur hlotið hlutverk e.k. alþjóðamáls í nútímasamfélagi, eða *lingua franca*.¹ Dovring (1997:22) telur t.a.m. að enska hafi hlotið þessa alþjóðlegu stöðu í kjölfar aukinna umsvifa í tækni þar sem mesta notkunin fer fram hjá almennum neytendum um allan heim. Alþjóðleg yfirráð ensku koma þó ekki einungis fram á vettvangi tækni eða stafrænna miðla. Enska virðist einnig vera það tungumál sem er mest áberandi í alþjóðlegum samskiptum. Að auki er hún helsta notkunarmál mennta- og fræðasamfélagsins (Dovring, 1997:23). Enska er með öðrum orðum mest notaða tungumálið í dag á ýmsum sviðum sem verða sífelld mikilvægari fyrir almenna neytendur á alþjóðavísu.

Þetta hefur orðið til þess að félagsleg staða ensku hefur einnig tekið miklum breytingum. Áður var gjarnan talið að fólk lærði ensku sem annað mál vegna þess að það vildi geta samsamað sig þeim sem höfðu ensku að móðurmáli (sbr. samsömunarkenningu (e. *intergrativeness*) Gardners, 1959) og er þá talað um menningarlegan hvata (e. *cultural motivation*). Nýlegar rannsóknir í félagsmálfræði benda hins vegar til að hvatinn til enskunáms sé nú annar. Fyrir marga er tilgangur enskukunnáttu ekki endilega að geta haft samskipti við enska móðurmálshafa heldur að vera gjaldgengir á alþjóðlegum vettvangi og geta átt samskipti við aðra sem einnig tala ensku sem annað mál. Hvatinn til að kunna ensku er því ekki lengur löngunin til að samsama sig tilteknum hópi (enskum móðurmálshöfum) heldur vilji og þörf til að geta átt í samskiptum við ýmsa ólíka hópa á alþjóðlegum vettvangi (Kormis og Csizér, 2008).

Í dag felst helsti hvatinn til að kunna ensku í áhuga á alþjóðlegum málefnum, vilja (og jafnvel löngun) til að búa og starfa erlendis, vilja til að kynnast fólki af ólíkum uppruna og skilningi og umburðarlyndi gagnvart annars konar menningarheimum. Þetta hefur Yashima (2002) kallað heimsborgarasjálfið (e. *cosmopolitan identity*). Dörnyei (2005) talar um kjörsjálfið (e. *ideal self*) og skyldusjálfið (e. *ought-to self*) í þessu samhengi. Kjörsjálfið er

¹ Hugtakið er hér notað um ensku sem alþjóðlegt samskiptamál. Oft er gerður greinarmunur á því þegar enska er notuð sem samskiptamál þeirra sem hafa ensku að móðurmáli við þá sem hafa annað móðurmál (*English as an international language* e. EIL) og svo þegar enska er notuð til samskipta á milli einstaklinga sem hafa önnur móðurmál en ensku (*English as a lingua franca* e. ELF). Þessar skilgreiningar greinast svo í fjölda undirflokka (sjá t.d. Seidlhofer, 2005). Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (2018:4) kjósa heldur að tala um *English as a World Language*. Til einföldunar er hér aðeins talað um yfirhugtakið *lingua franca*.

þá sú sjálfsmynd sem einstaklingur vill öðlast. Skyldusjálfið felst aftur á móti í eiginleikum sem einstaklingur telur að hann þurfi að búa yfir. Víða hefur orðið til samfélagsleg krafa um enskufærni sem verður að gegna í því skyni að vera gjaldgengur neytandi á ýmsum sviðum. Því má leiða líkur að því að nútímamaðurinn hafi í auknum mæli bæði kjörsjálf og skyldusjálf sem felst í því að vera fær enskunotandi.

Sá vandi sem fjölmörg tungumál standa nú frammi fyrir hefur verið kallaður umdæmisvandi. Með því er átt við samkeppni tungumáls við annað mál, t.d. ensku, þar sem hættu er á að notkunarvið annars máls aukist á kostnað þjóðtungunnar. Fram að þessu hefur svokallaður formvandi verið helsta áhyggjuefnið í umræðu um íslenska málrækt. Formvandi felst í e.k. málstaðli og umræðu um „rétt“ mál og „rangt“. Á síðustu árum hefur umdæmisvandinn hins vegar orðið mun umfangsmeiri í íslensku málsamfélagi en íslenska á nú á hættu að missa ákveðin notkunarvið til ensku (sjá t.d. Kristján Árnason, 2001:3-9 og Eirík Rögnvaldsson, 2016).

Í dag felst umdæmisvandinn á Íslandi því í samkeppni íslensku og ensku. Sú samkeppni er hörðust á vettvangi stafrænna miðla þar sem enska hefur algjör yfirráð. Aukin áhrif frá ensku á nýjum sviðum auka hættuna á stafrænni minnihlutavæðingu fjölmargra tungumála (e. *digital minoritization* sbr. Sigríði Sigurjónsdóttur og Eiríkur Rögnvaldsson, í prentun; *Modeling the Linguistic Consequences of Digital Language Contact*, e.d.; Drude o.fl., 2018) sem felst í því að þau séu ekki lengur nothæf á þessu sviði þrátt fyrir að vera meirihlutamál á öðrum vettvangi málnotkunar.

Málnotkun á stafrænum vettvangi fer nú í auknum mæli fram á ensku. Líkt og aðrir njóta margir Íslendingar reglulega afþreyingar á borð við sjónvarpsáhorf eða lestur á netinu. Þetta hlýtur jafnframt að þýða að til að nýta þá margvíslegu afþreyingu sem er nú í boði á ensku er nauðsynlegt að hafa ákveðna færni. Ýmsar rannsóknir hafa t.a.m. sýnt að margir þeirra sem hafa annað móðurmál en ensku hafa ekki fullan skilning á ensku sjónvarpsefni (Webb, 2010). Þrátt fyrir að hafa myndrænt efni til stuðnings getur hraði samræðna, framburður o.fl. gert þeim sem hafa málið ekki að móðurmáli erfitt fyrir. Yfirgripsmikill orðaforði er því ekki aðeins nauðsynlegur til bókalesturs heldur líka vegna afþreyingar á borð við sjónvarpsáhorf, tímaritalestur eða spilun tölvuleikja.

Lesandi þarf að þekkja um 98% allra þeirra orða sem koma fyrir í texta til að hafa viðunandi skilning á honum (Hu og Nation, 2000; Nation, 2006). Ef Íslendingar vilja hafa greiðan aðgang að efni af þessu tagi, þ.e. stafrænum vettvangi, þurfa þeir að hafa ákveðna enskukunnáttu. Í þessu ljósi má aftur benda á umræðu um kjörsjálf og skyldusjálf. Kjörsjálf flestra hlýtur að felast í því að vera gjaldgengir notendur að efni sem er víða að finna í íslensku málsamfélagi. Enn fremur getur verið að lágmarkskunnátta í ensku verði hluti af skyldusjálfi Íslendinga þegar fram líða stundir.

Stafrænn vettvangur er ný breyta þegar kemur að því að meta lífvænleika tungumáls (e. *language vitality*). Flestir mælikvarðar á lífvænleika tungumála taka slíka breyту ekki með í reikninginn, t.a.m. kvarðar UNESCO (UNESCO Ad Hoc Expert Group on Endangered Languages, 2011) eða EGIDS (Lewis og Simons, 2010). Þessir kvarðar meta um 17% tungumála heimsins í útrýmingarhættu eða útdauð og um 20% í viðkvæmri stöðu. Það hlýtur að sama skapi að þýða að um 63% tungumála í heiminum hafi nokkuð sterka stöðu. Kornai (2013) hefur aftur á móti gagnrýnt að ekki sé tekið tillit til stöðu tungumála á stafrænum vettvangi. Hann lagði mat á stafræna stöðu ýmissa mála og skipti þeim í flokka miðað við lífvænleika þeirra þar sem tillit var tekið til þess hvort þau voru notuð eða nothæf á stafrænum vettvangi. Niðurstöðurnar bentu til að langflest málín væru í „stafrænni þögn“ (eða í flokknum *digitally still*). Þau mál sem lentu í þessum flokki voru talin algjörlega ófær um að tryggja sér stöðu í hinum stafræna heimi. Niðurstöður Kornai benda því til að stafrænn dauði (e. *digital language death*) bíði um 95% allra tungumála. Með því er ekki átt við eiginlegan máldauða í hefðbundnum skilningi heldur að tungumál sé orðið með öllu ónothæft á stafrænum vettvangi. Kornai telur að einungis 5% allra tungumála muni lifa af stafrænu byltinguna.

Ýmsir fræðimenn hafa tekið undir að nauðsynlegt sé að taka tillit til stöðu tungumála á stafrænum vettvangi þegar mat er lagt á lífvænleika (sjá t.d. Drude o.fl., 2018). Drude o.fl. (2018) telja enn fremur að í þessari umræðu sé ekki nóg að meta aðgengi og framboð af efni á tilteknu tungumáli heldur verði að taka tillit til raunverulegrar málnotkunar á stafrænum vettvangi. Rehm og Uszkoreit (2013) taka í sama streng og benda enn fremur á að þau tungumál sem eru minnihlutamál á stafrænum vettvangi geti í kjölfarið lent í verulegri hættu á að tapa gildi sínu á öðrum

sviðum: „If no action is taken, many European citizens will find that speaking their mother tongue leaves them at a social and economic disadvantage“ (2013:179).

Ef enska hefur yfirráð á sviðum eins og tækni, akademíu og alþjóðasamskiptum er líklegt að hún ryðji sér braut á kostnað annarra tungumála, sérstaklega í smáum málsamfélögum. Rehm og Uszkoreit (2013:184) hafa einmitt bent á að gjáin á milli stórra og smárra málsamfélaga sé stöðugt að breikka og þá einkum og sér í lagi á tæknivettvangi. Þessi útrás ensku hefur haft umtalsverð áhrif á Íslandi. Þau hafa svo aukist enn frekar í kjölfar svokallaðrar snjalltækjabyltingar sem er talin hafa hafist árið 2010 (sjá t.d. Sigríði Sigurjónsdóttur o.fl., 2017). Nýlegar rannsóknir gefa einnig til kynna að notkun ensku á Íslandi verði sífellt meiri og almennari.

2.2. Aukið vægi ensku á Íslandi

Aukið vægi ensku á alþjóðavísu hefur orðið til þess að íslenska á undir högg að sækja. Hún á það á hættu að vera ekki gjaldgeng á öllum sviðum í íslensku samfélagi þar sem enska gæti tekið yfir sem notkunarmál á ákveðnum vettvangi. Þannig geta örar þjóðfélagsbreytingar haft óhjákvæmileg áhrif á tungumál. Þær þjóðfélagsbreytingar sem hafa haft hvað mest áhrif hér á landi er snjalltækjavæðingin svokallaða. Árið 2009 birti Hagstofa Íslands tölur yfir tölvu- og netnotkun Íslendinga. Í ljós kom að 90% íslenskra heimila höfðu nettengingu og 99% heimila með börn undir 16 ára aldri notuðu tölvu (Hagstofa Íslands, 2009). Árið 2014 voru 96% allra íslenskra heimila orðin nettengd. Á sama tíma voru 81% heimila í Evrópu með nettengingu (Hagstofa Íslands, 2017:28). Þá sýndi könnun MMR frá árinu 2016 að tæp 87% allra Íslendinga áttu þá snjallsíma (MMR, 2016). Landsmenn eru ekki síður virkir á samfélagsmiðlum en árið 2013 var talið að um 72,4% Íslendinga hafi notað Facebook (Íslendingar nota Facebook næstmest, 2013). Í janúar 2014 mældust um 70% Íslendinga sem virkir notendur á samfélagsmiðlum. Þetta hlutfall er jafnframt það hæsta í Evrópu (Statista, 2018). Þrátt fyrir að það séu ekki mörg ár liðin frá því að þessar tölur voru birtar má leiða líkur að því að þær hafi nú hækkað enn frekar. Íslendingar sækja því í auknum mæli í afþreyingu á netinu eða erlendum

efnisveitum. Þar eru börn og unglingar ekki undanskilin. Þau verða því í meira mæli en áður fyrir mállegu áreiti frá öðrum málum en íslensku, og þá fyrst og fremst ensku.

Á allra síðustu árum hafa ýmsir bent á að enska sæki nú á af síauknum krafti. Eiríkur Rögnvaldsson hefur t.a.m. ítrekað bent á þær margvíslegu hættur sem steðja að íslensku (sjá t.d. 2014, 2016; Eiríkur Rögnvaldsson o.fl., 2012). Hann telur að það áreiti sem landsmenn verða fyrir á ensku sé nú meira en nokkru sinni fyrr. Hann færir jafnframt rök fyrir að þessar breyttu aðstæður muni hafa mest áhrif á yngstu kynslóðina, þ.e. börn sem eru á máltökuskeiði og eru því berskjölduð fyrir erlendu máláreiti (sjá einnig Sigríði Sigurjónsdóttur, 2016). Linda Björk Markúsardóttir talmeinafræðingur (2015) tekur í sama streng. Hún hefur lýst yfir áhyggjum af því að íslensk börn kunni íslensku aðeins að litlu leyti. Þetta sé einkum áberandi þegar meta á orðaforða:

Undanfarið hefur það hefur færst í aukana að ég fái til mín alíslensk börn sem kunna ekki íslensku nema að litlu og yfirborðskenndu leyti. Þeim sýni ég myndir af algengum hlutum og bið þau að segja mér hvað þeir heita. Oft fæ ég svör á borð við: „Ég veit alveg hvað þetta er sko, ég bara kann þetta ekkert á íslensku“ (2015).

Þetta hafa ýmsir kennarar og aðrir sem starfa með börnum tekið undir. Grunnskólakennari í Hafnarfirði talaði nýverið um að margir nemendur væru farnir að nota ensku til samskipta sín á milli í skólanum (Börnin tala saman á ensku í skólanum, 2017). Hann benti þar að auki á að þetta hafi aukist gríðarlega mikið á síðustu tveimur til þremur árum. Ef það mállega áreiti sem landsmenn verða fyrir er nú í meira mæli á ensku getur verið að það hafi áhrif á málkunnáttu þeirra. Ýmsar rannsóknir hafa nefnilega sýnt að mállegt nám er oft tilviljanakennt og ósjálfrátt og er afleiðing af áreiti úr umhverfinu. Þetta ómeðvitaða nám fer t.a.m. fram í samtölum eða lestri en ekki síður með annars konar áreiti, s.s. sjónvarpsáhorfi (Paribakht, 1999).

Einhverjar rannsóknir hafa þegar verið gerðar í því skyni að varpa ljósi á raunverulega stöðu íslensku og ensku hér á landi. Margar þeirra benda til þess að raunveruleg ástæða sé til að hafa áhyggjur af stöðu íslensku. Birna Arnbjörnsdóttir (2007), prófessor í annarsmálsfræðum við Háskóla Íslands, bendir t.a.m. á að enska sé nú nær því að vera annað mál (e. *second language*) en að vera erlent mál (e. *foreign language*) margra Íslendinga. Þá hafa rannsóknir sýnt að Íslendingar hafa almennt

jákvætt viðhorf gagnvart ensku og telja sig hafa góða kunnáttu í tungumálinu. Ef enskukunnátta er orðin nauðsynleg til að taka þátt á alþjóðlegum og stafrænum vettvangi verður til samfélagsleg krafa um víðtæka enskukunnáttu. E.t.v. er skyldusjálfi (sbr. umræðu í kafla 2.1.) allra Íslendinga því fólgið í því að vera færir enskunotendur. Sú krafa er þó e.t.v. óraunhæf þar sem Íslendingar virðast gjarnan slakari í ensku en þeir telja sjálfir (Birna Arnbjörnsdóttir, 2007; Gerður Guðmundsdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir, 2014). Max Naylor (2017) komst að sömu niðurstöðu en um þriðjungur þátttakenda í MA rannsókn hans ofmat enskufærni sína.

Í næsta kafla verður fjallað nánar um rannsóknarverkefni sem einblínir á þær nýstárlegu aðstæður sem hér hafa verið ræddar og rannsakendur hafa kallað „málsambýli“ íslensku og ensku (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, í prentun).

3. Rannsóknarverkefnið *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*

Hér verður fjallað í stuttu máli um rannsóknarverkefnið *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, í prentun; *Modeling the Linguistic Consequences of Digital Language Contact*, e.d.). Verkefnið hlaut öndvegissstyrk frá Rannís á vormánuðum ársins 2016. Markmiðið með rannsóknarverkefninu er að kanna áhrif eins tungumáls á annað þar sem sjónum er beint að notkun ensku á Íslandi. Rannsókn af þessu tagi getur enn fremur gagnast til að spá fyrir um almenna útbreiðslu ensku á kostnað þjóðtungna í smáum málsamfélögum. Í rannsókninni er fyrst og fremst lögð áhersla á þrjú svið:

(3)

- Ílag, máltökuskeið og málbreytingar
- Lífvænleika tungumála á stafrænni öld
- Tvítýngi og lífsleiðarbreytingar í máli

Sumarið 2017 sendi rannsóknarhópurinn út vefkönnun til 3.500 Íslendinga á aldrinum 13-98 ára. Svör bárust frá 1.614 þátttakendum og var svarhlutfall því um 46%. Þátttakendur voru valdir með lagskiptu slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Miðað var við eftirfarandi aldurshópa en þáttökuboð var sent á 500 einstaklinga í hverjum hópi:

(4)

- 13-15 ára
- 16-20 ára
- 21-30 ára
- 31-40 ára
- 41-50 ára
- 51-60 ára
- 61 árs og eldri²

Þar sem aldursbilin eru ójöfn merkir þetta að yngri þátttakendur eru fleiri en þeir eldri. Þetta stafar t.d. af því að markmið rannsóknarhópsins er einkum að kanna breytingar

² Umræða um niðurstöður á enskuílagi og háttanotkun í þessari ritgerð miðar við aðra aldursskiptingu. Þetta er rætt nánar í kafla 6.

sem eru taldar eiga sér stað hjá börnum og ungu fólki. Mesta áherslan er því lögð á þessa aldurshópa.

Í vefkönnuninni var spurt um bakgrunn þátttakenda, viðhorf þeirra til íslensku og ensku, ílag á máltökuskeiði, notkun tungumálanna í daglegu lífi og margt fleira. Þar að auki voru þátttakendur beðnir um að leggja mat á ýmsar setningar. Því næst var hluti þátttakenda boðaður í viðtöl og frekari prófanir til að leggja frekara mat á ýmsa prófþætti.

3.1. Áreiðanleiki niðurstaðna

Hér ber að taka fram að málfræðirannsóknir sem prófa unglinga eða börn hafa sýnt að ákveðin skekkja (e. *noise*) getur komið fram í niðurstöðum þar sem yngstu málnotendurnir eru líklegri en þeir eldri til að svara jákvætt en neikvætt. Þá er átt við að þeir eru líklegri en fullorðnir til að samþykkja prófsetningar þrátt fyrir að þær samræmist ekki málkennd þeirra. E.t.v. telja einhverjir að þ.a.l. sé ekki hægt að treysta á svör og setningadóma frá börnum og unglíngum. Skekkja af þessum sökum kemur þó fyrst og fremst fram í svörum ungra barna (sjá t.d. Cairns o.fl., 2006:217, sem rannsökuðu 4-6 ára börn). Ýmsar málfræðirannsóknir sýna enn fremur að yngstu þátttakendurnir taka kannanir af þessu tagi alvarlega. Niðurstöður eru yfirleitt kerfisbundnar og svipaður breytileiki kemur fram í svörum barna og svörum fullorðinna (sjá t.d. Sigríði Sigurjónsdóttur og Joan Maling, 2001:134 og Sigríði Sigurjónsdóttur, 2017:254).

Niðurstöður þessarar vefkönnunar styðja þessar staðhæfingar. Til að tryggja áreiðanleika svara innihélt könnunin fjórar prufusetningar (e. *control sentences*).³ Þær voru hannaðar með það í huga að meta innri áreiðanleika svara hjá þátttakendum. Þátttakendur voru beðnir um að leggja mat á tvær tækar prufusetningar þ.e. setningar

³ Prufusetningarnar voru eftirfarandi (athugið að samhengissetningar fylgdu til að auðvelda túlkun. Prófsetningar eru skáletraðar):

- | | |
|---|------------------|
| 1) Strákurinn fór á veitingastað. <i>Hann pantaði súpu.</i> | Tæk prófsetning |
| 2) Halldór kom of seint í vinnuna. <i>Yfirmaður sinn var mjög reiður.</i> | Ótæk prófsetning |
| 3) Konan var mjög sterk. <i>Hún lyfti steininum auðveldlega.</i> | Tæk prófsetning. |
| 4) Jón er slæmur í maganum. <i>Ætli honum drekki of mikið kaffi?</i> | Ótæk prófsetning |

sem allir íslenskir málnotendur ættu að geta samþykkt, og tvær ótækar, þ.e. setningar sem ekki samræmast íslensku málkerfi.

Í ljós kom að um 12% þátttakenda svöruðu einhverri prufusetningu á óvæntan hátt (þ.e. samþykktu ótæka setningu eða höfnuðu tækri setningu). Ýmislegt getur valdið óvæntri svörun, svo sem mistúlkun eða þreyta þegar líður á könnunina. Af þeirri ástæðu var ákveðið að hafa fjórar prufusetningar í vefkönnuninni (en ekki aðeins eina). Þannig er hægt að meta hvort óvænt svör eru frávik í niðurstöðum eða hvort þátttakandi er kerfisbundið að svara gegn málkennd sinni.

Til að leggja mat á þetta voru þeir þátttakendur sem svöruðu fleiri en einni prufusetningu óvænt taldir sérstaklega. Skekkja í niðurstöðum af þessum sökum er töluvert undir 1% en alls var um 12 þátttakendur að ræða.⁴ Þetta er afar lágt hlutfall sem gefur til kynna að almennt hafi þátttakendur svarað könnuninni samviskusamlega.⁵ Af þessum þátttakendum voru sex á aldrinum 13-20 ára og sex eldri en 21 árs. Þetta sýnir enn fremur að unglíngarnir voru ekki líklegri til að svara gegn málkennd sinni en eldra fólk þar sem svipaður breytileiki kom fram í svörum yngri og eldri þátttakenda. Almennt tóku þátttakendur á öllum aldri könnunina alvarlega.

3.2. Framlag þessa meistaraverkefnis til rannsóknarinnar

Í þessari ritgerð er fjallað um þann hluta vefkönnunarinnar sem náði til tungumálanotkunar þátttakenda á ýmsum sviðum. Þær niðurstöður eru síðan settar í samhengi við mat þátttakenda á setningum sem prófuðu viðtengingarhátt og framsöguhátt í ólíku málfræðilegu umhverfi. Rannsóknarmarkmiðið er tvíþætt. Annars vegar er ætlunin að leggja mat á enskunotkun Íslendinga með tilliti til magns og gæða. Hins vegar að kanna breytingar í háttanotkun en enn fremur skoða hvort þeir sem nota mikla ensku séu líklegri en aðrir til að samþykkja nýjungar í slíkum aðstæðum. Ef svo er

⁴ Mögulegt er að skekkja komi fram í niðurstöðum af einhverjum öðrum ástæðum en það er ekki rætt frekar hér.

⁵ Þar sem þetta hlutfall var afar lágt var ákveðið að útiloka ekki niðurstöður þessara þátttakenda. Þetta ber að hafa í huga þegar niðurstöður eru skoðaðar.

getur það verið vísbending um að enskunotkun geti haft áhrif á málbreytingar í íslensku (þrátt fyrir að önnur atriði geti vissulega líka haft áhrif á málbreytingar).

Áður en greint verður frá niðurstöðum rannsóknarinnar er rétt að útskýra hefðbundna háttanotkun í íslensku, þ.e. val á framsöguhætti og viðtengingarhætti. Þetta er tekið fyrir í kafla 4. Þessi umræða er svo sett í samhengi við kenningar um ílag og málbreytingar í kafla 5. Í kafla 6 verður svo rætt um niðurstöður vefkönnunarinnar þar sem fjallað er um enskunotkun þátttakenda og mat þeirra á setningum með framsöguhætti og viðtengingarhætti.

4. Dreifing framsöguháttar og viðtengingarháttar

Hugtakið *háttur* (e. *mood*) á við um sérstaka tegund beygingar sem bundin er við sagnir. Háttum er gjarnan skipt í fallhætti og persónuhætti. Oft hefur háttur sagnar áhrif á hvernig eitthvað er látið í ljós. Í íslensku er venja að gera ráð fyrir sex háttum (Höskuldur Þráinsson (hér eftir HP), 2006:231-233). Þeim er lýst á mynd 1 ásamt skýringum sem er ætlað að auðvelda greiningu háttanna:

Mynd 1. Hættir sagna í íslensku

| HÁTTUR | SKÝRING | DÆMI UM SAGNBEYGINGU |
|------------------------|---|--|
| FALLHÆTTIR: | | |
| Nafnháttur | Það form sagnar sem er notað sem uppfléttimynd í orðabókum. Endar jafnan á –a. | <i>borða, sofa</i> „Ég er að borða hafragraut“ „Ég fer snemma að sofa“ |
| Lýsingarháttur nútíðar | Sagnform sem tákna ástand og er oft notað með sögninni <i>vera</i> . | <i>er borðandi, sofandi</i> „Strákurinn er sofandi“ |
| Lýsingarháttur þátíðar | Sagnform sem sumar hjálparsagnir taka með sér. ⁶ | <i>var borðaður, hefur sofið</i> „Maturinn var borðaður“ „Stelpan hefur sofið í alla nótt“ |
| PERSÓNUHÆTTIR: | | |
| Boðháttur | Skipunarform sagnar. | <i>borðaðu, sofðu</i> „Borðaðu vel svo þú verðir ekki svangur!“ |
| Framsöguháttur | Algengasta sagnformið í venjulegu tali og tákna staðhæfingar/fullyrðingar. | <i>borðar, sefur</i> „Nemandinn sefur alltaf yfir sig á mánudögum“ |
| Viðtengingarháttur | Sagnform sem notað er við sérstakar aðstæður og tákna oft eitthvað óraunverulegt. | <i>borði, sofi</i> „Þótt ég borði vel er ég alltaf svöng“ „Ég mæti ekki á réttum tíma nema ég sofi vel í nótt“ |

Í þessum kafla verður einkum fjallað um þau víxl sem koma fram á milli framsöguháttar og viðtengingarháttar. Í íslensku er viðtengingarháttur notaður við sérstakar aðstæður, t.d. til að tákna von eða álit þess sem talar. Viðtengingarháttur í íslensku getur birst í

⁶ Hér er rétt að nefna að stundum er gerður greinarmunur á lýsingarhætti þátíðar og svokallaðri sagnbót (e. *supinum*). Sagnbót fylgir hjálparsögninni *hafa* og er ólík lýsingarhætti þátíðar með hjálparsögninni *vera*: „Kennarinn hefur mætt“ (sagnbót)/„Kennarinn er mættur“ (lýsingarháttur þátíðar), sjá t.d. Jón G. Friðjónsson (1989).

aðal- og aukasetningum og bæði í nútíð og þátíð. Hann hefur tilhneigingu til að birtast í ákveðnu umhverfi, t.a.m. á eftir vissum samtengingum eða í aukasetningum. Í aukasetningum stjórnast háttanotkun svo gjarnan af svokölluðum merkingarflokki sagnar í móðursetningu. Framsöguháttur er aftur á móti algengasta form sagna í íslensku. Hann táknar yfirleitt staðreyndir eða staðhæfingar. Þar sem framsöguháttur er e.k. sjálfgefið eða hlutlaust sagnform er hann ómarkaður gagnvart viðtengingarhættinum. Það merkir að hann er sjálfgefinn nema undir sérstökum kringumstæðum (HP, 2005:459-461; HP o.fl., 2013:75).

Viðtengingarháttur og framsöguháttur í íslensku birtast því yfirleitt í ólíkum aðstæðum. Þeir geta þó stundum staðið í sama málfræðilega umhverfi. Markaðar málfræðilegar formgerðir (t.d. viðtengingarháttur) eru viðkvæmari gagnvart breytingum en aðrar (sjá frekari umræðu í kafla 5) en viðtengingarháttur er t.a.m. horfinn úr flestum nágrannamálum íslensku. Í köflum 4.1. og 4.2. verður gefið stutt yfirlit yfir dreifingu háttanna í íslensku.⁷ Í kafla 4.3. verður rætt um örlög viðtengingarháttar í öðrum tungumálum. Í kafla 4.4. verður svo fjallað um nýlegar íslenskar rannsóknir sem gefa til kynna að háttanotkun í íslensku sé að breytast.

4.1. Aðalsetningar og háttanotkun

Bæði framsöguháttur og viðtengingarháttur geta birst í aðalsetningum. Viðtengingarháttur er þó mun algengari í aukasetningum og kemur aðeins fram í aðalsetningum við sérstakar aðstæður. Í aðalsetningu og nútíð er viðtengingarháttur einkum notaður í sérstakri óskháttarmerkingu sem hefur stundum boðháttar- eða

⁷ Í þessari ritgerð er einkum talað um háttaval í aukasetningum. Að auki má þó benda á ýmsar tilhneigingar í háttanotkun í öðru umhverfi, t.d. í sagnasamböndum (t.d. *ég myndi koma*, þar sem hjálparsögn er í viðtengingarhætti) og í óbeinni ræðu (t.d. *Sigga segir að þetta sé gaman*, þar sem óbein ræða í nútíð kallar á viðtengingarhátt). Einnig má nefna samspil þessara tilbrigða og tengsl þeirra við önnur málfræðileg atriði (t.d. *Sigga sagði að þetta *var/hefði verið gaman*, þar sem óbein ræða í þátíð kallar á sagnasamband þar sem hjálparsögn er í viðtengingarhætti. Hér er einfaldur framsöguháttur ótækur). Þetta verður ekki rætt frekar hér en ætlunin er að skoða önnur atriði í háttanotkun síðar í rannsóknarverkefninu *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*.

leiðbeiningartilgang. Guðrún Þórðardóttir (2006:61) nefnir eftirfarandi dæmi (sjá (5)) um viðtengingarhátt í aðalsetningu í nútíð (sögnin hefur verið undirstrikuð):

- (5) a) Verði ykkur að góðu óskháttarmerking
b) Geymist þar sem börn ná ekki til leiðbeiningarmerking

Viðtengingarháttur getur líka komið fram í þátíð í aðalsetningum og birtist þá oftast með vissum háttarsögnum (*geta, mega* o.fl.) eða sögnunum *vera* og *þykja* (Jón G. Friðjónsson, 1989:28). Í þessum aðstæðum hefur viðtengingarháttur eins konar möguleikamerkingu og tekur yfirleitt með sér aukasetningu. Í (6) má sjá dæmi um viðtengingarhátt þátíðar í aðalsetningu (sögnin hefur verið undirstrikuð):

- (6) a) Það væri ráðlegt að vinna um helgina
b) Það gæti verið gott að læra betur fyrir prófið

Möguleikamerkingin virðist enn fremur gera ráð fyrir vissum forskilyrðum, þ.e. ástæðu fyrir því að möguleikinn er gefinn í skyn (hvort sem það kemur fram í yfirborðsgerðinni eða ekki). Þetta má t.a.m. sjá í (7) þar sem mælandi gæti haldið áfram og sagt:

- (7) a) Það væri ráðlegt að vinna um helgina *ef ég vil fá vel borgað*
b) Það gæti verið gott að læra betur fyrir prófið *ef ég vil fá góða einkunn*

Í aðalsetningum kemur viðtengingarháttur einnig fram í beiðnum og virðist þá mildari en boðháttur eða beiðnir í framsöguhætti. Þetta kallar Höskuldur Þráinsson (2005:484) kurteisishátt:⁸

- (8) a) Lokaðu glugganum skipun með boðhætti
b) Geturðu lokað glugganum? beiðni með háttarsögn í framsöguhætti
c) Gætirðu lokað glugganum? beiðni með háttarsögn í viðtengingarhætti

⁸ Karítas Hrundar Pálsdóttir (2017:12) talar um kurteisisbeiðni eða kurteisisform en hún kannaði m.a. hætti sagna í japönsku. Kurteisisbeiðni í japönsku er e.k. „vinsamlegur“ boðháttur. Kurteisisform er hins vegar myndað með viðtengingarhætti en viðtengingarháttur er algeng leið til að tjá kurteisi í japönsku.

Í dæmunum í (8) virðist viðtengingarhátturinn í c) milda beiðnina í b). Þrátt fyrir að geta birst í vissum aðstæðum í aðalsetningum er viðtengingarháttur þó mun algengari í aukasetningum. Hér eftir er einkum rætt um aukasetningar og hvernig ólíkar málfræðilegar aðstæður geta haft áhrif á háttanotkun.

4.2. Aukasetningar og háttanotkun

Viðtengingarháttur kemur oftast fram í aukasetningum í íslensku. Ólík atriði geta haft áhrif á val á milli viðtengingarháttar og framsöguháttar í aukasetningum. Orsakavaldurinn getur t.a.m. verið samtenging, merkingarflokkur sagnar í móðursetningu eða sannleiksgildi yrðingarinnar. Í (9) eru nokkur dæmi um atriði sem kalla á ólíka háttanotkun. Orsakavaldur hefur verið feitletraður og sögn undirstrikuð:

(9) a) Ég mæti á fundinn [**ef** ég get]

Samtengingin *ef* gerir kröfu um framsöguhátt.

b) Ég **held** [að Ísland vinni HM]

Merkingarflokkur sagnarinnar *held* er álitssögn. Álitssagnir taka yfirleitt með sér viðtengingarhátt.

c) Mamma **segir** [að grænmeti sé hollt]

Talsögnin *segja* hefur ákveðna óvissumerkingu. Mælandinn þarf ekki að vera viss um sannleiksgildi þess sem mamma segir, enda gæti hann haldið áfram og sagt „en það er ekki rétt“. Óvissumerking yrðingarinnar kallar á viðtengingarhátt í fallsetningu.

Í næstu undirköflum verður fjallað í stuttu máli um flokka aukasetninga, þ.e. atvikssetningar, fallsetningar og tilvísunarsetningar, og háttanotkun innan þeirra.

4.2.1. Atvikssetningar

Atvikssetningar (e. *adverbial clauses*) gegna svipuðu hlutverki í setningum og atviksorð eða atviksliðir. Atvikssetningar eru flokkaðar í tíðarsetningar, skilyrðissetningar, tilgangssetningar, viðurkenningarsetningar, samanburðarsetningar, orsakarsetningar og

afleiðingarsetningar. Líkt og atviksorð hafa atvikssetningar ekki sterk tengsl við sagnir. Þær eru ekki háðar sögn í móðursetningu og geta því komið fram á eftir ýmiss konar sögnum í ýmiss konar aðstæðum (HP, 2005:248).⁹ Sögn móðursetningar hefur því ekki áhrif á háttaval í atvikssetningum. Tengingar eru hins vegar helsti orsakavaldur háttanotkunar í þessu umhverfi. Vissar tengingar gera t.d. kröfu um viðtengingarhátt í aukasetningunni (HP, 2005:468). Viðurkenningartengingarnar *þó að* og *þótt*, tilgangstengingin *til (þess) að* og skilyrðistengingin *nema*¹⁰ kalla t.a.m. allar á viðtengingarhátt, sbr. (10) (sagnir í atvikssetningum hafa verið undirstrikaðar):

(10) a) Ég er alltaf svöng [þó að/þótt ég sé/*er með nesti]

Viðtengingarháttur með viðurkenningartengingu, framsöguháttur ótækur.

b) Ég borða vel [til þess að ég verði/*verð ekki svöng]

Viðtengingarháttur með tilgangstengingu, framsöguháttur ótækur.

c) Ég borða vel [nema maturinn sé/*er vondur]

Viðtengingarháttur með skilyrðistengingu, framsöguháttur ótækur.

Athugið að í þessum setningum skiptir merkingin ekki máli. Í dæmi (10a) getum við t.d. gert ráð fyrir að atvikssetningin sé sönn. Samt sem áður kemur framsöguháttur, sem merkingarlega er tengdur við staðreyndir og fullyrðingar, ekki til greina. Viðurkenningartengingin gerir óhjákvæmilega kröfu um viðtengingarhátt.

Í annars konar atvikssetningum (samanburðarsetningum, skilyrðissetningum, orsakarsetningum eða afleiðingarsetningum) fer háttanotkun hins vegar ekki eftir samtengingu. Þess í stað er miðað við sannleiksgildi aukasetningarinnar (HP, 2005:469-470). Ef það sem þar kemur fram er staðreynd eða eitthvað raunverulegt er framsöguháttur jafnan notaður. Ef það er óraunverulegt, ímyndað eða gefur í skyn

⁹ Höskuldur Þráinsson (2005:248-249) leggur til að atvikssetningar séu e.k. viðhengi í beygingarlið, andstætt því að vera undirskipaðar undir sagnliðinn í heild líkt og á við um fallsetningar. Atvikssetningar eru því mun óháðari sögnum en fallsetningar. Þetta er skýrt betur síðar (sjá mynd 2).

¹⁰ Hér má þó nefna að tengingin *nema* felur ekki alltaf í sér skilyrði. Stundum stendur *nema* sem atviksorð og í sumum tilfellum gegnir orðið því hlutverki að tengja saman tvær aukasetningar (sjá t.d. Eirík Rögnvaldsson, 1992). Hér verður aðeins fjallað um *nema* sem skilyrðistengingu.

möguleika kemur hins vegar fram viðtengingarháttur, sbr. (11) (sögn í atvikssetningu hefur verið undirstrikuð):¹¹

(11) a) Ég kem [ef ég get]

Skilyrðissetning, raunverulegt skilyrði og framsöguháttur.

b) Ég kæmi [ef ég gæti]

Skilyrðissetning, óraunverulegt skilyrði og viðtengingarháttur.

c) Ég borðaði [svo ég yrði ekki svöng]

Tilgangstenging, möguleg afleiðing og viðtengingarháttur.

d) Ég borðaði [svo ég varð ekki svöng]

Afleiðingartenging, raunveruleg afleiðing og framsöguháttur.

Í atvikssetningum er almennt skilyrði um tíðasamræmi, þ.e.a.s. ef sögnin í aðalsetningu er í nútíð er sögn í aukasetningu líka í nútíð. Þessi krafa er nær algild í atvikssetningum í viðtengingarhætti. Þetta kemur t.a.m. í ljós ef við skoðum dæmi (10a) aftur. Ef kröfu um tíðasamræmi er ekki fylgt verður setningin ótæk líkt og í dæmi (12) (sögn í aðalsetningu hefur verið feitletruð en sögn í atvikssetningu er undirstrikuð):

(12) Ég **er** alltaf svöng [þó að/þótt ég sé/*væri með nesti]

Sögnin *er* í aðalsetningu er í nútíð. Viðtengingarháttur í atvikssetningu verður þ.a.l. líka að vera í nútíð, en er ótækur í þátíð.

Á þessari reglu má þó finna undantekningar, sbr. dæmi (13):

(13) [Þótt ég hafi alla tíð tekið með mér nesti] **var** ég alltaf svöng

Sögnin *var* er í þátíð. Viðtengingarháttur í atvikssetningu er hins vegar í nútíð.

¹¹ Í þessu samhengi má velja því fyrir sér hvað ræður vali sjálfrar tengingarinnar. Tengingin *svo að* getur t.d. tekið bæði framsöguhátt og viðtengingarhátt í aukasetningu, sbr. dæmi (11c) og (11d). Þar er talað um að tengingin *svo að* sé tilgangstenging í fyrra tilvikinu en afleiðingartenging í því seinna og þessar „ólíku“ tengingar geri kröfu um ólíka háttanotkun. Strangt til tekið er þó um sömu tengingu að ræða í báðum tilfellum og það eina sem greinir á milli setninganna er háttanotkun. Hún ræðst þá e.t.v. ekki af tengingunni sjálfri heldur merkingunni sem markmiðið er að koma á framfæri hverju sinni. Því má spyrja hvað sé í raun frumorsakavaldur háttanotkunar í setningum á borð við (11c) og (11d), merking eða samtenging. Úr því verður ekki skorið hér en þó er ljóst að orsök háttanotkunar er ekki alltaf ótvíræð.

Í dæmum á borð við (13) hefur nútíðin almenna merkingu þar sem hún á að endurspegla eitthvað sem gerist reglulega eða alltaf. Hér á nútíðin ekki að standa sem e.k. andstaða við eiginlega þátíð heldur er nútíðin notuð sem ómörkuð og almenn tíð. E.t.v. er krafa um tíðasamræmi því ekki eins ströng ef nútíðin hefur almenna skírskotun.

Tíðasamræmi í atvikssetningum með framsöguhætti er einnig algengt (sjá t.d. dæmi (14a)) en þó ekki jafn undantekningarlaust og í atvikssetningum með viðtengingarhætti. Með framsöguhætti er stundum hægt að velja báðar tíðir (sjá t.d. dæmi (14b)). Munurinn er þá fremur merkingarlegur (Hp, 2005:468-469):

(14) a) Ég **mæti** [ef mér er/*var boðið]

Sögnin *mæti* í aðalsetningu er í framsöguhætti og nútíð. Framsöguháttur í atvikssetningu verður líka að vera í nútíð. Setningin verður ótæk ef hann er í þátíð.

b) Ég **borðaði** mikið í morgun [svo ég var/er ekki svöng]

Sögnin *borðaði* í aðalsetningu er í framsöguhætti og þátíð. Framsöguhátturinn í atvikssetningunni verður samt sem áður ekki endilega að vera í þátíð. Setningin er líka tæk í nútíð.

Næst verður fjallað um háttanotkun í fallsetningum.


4.2.2. Fallsetningar

Fallsetningar (e. *complement clauses*) hafa annars konar tengsl við liði innan móðursetningarinnar en atvikssetningar og tilvísunarsetningar. Fallsetningar eru rökliðir og gegna svipuðu hlutverki og nafnliðir í setningum. Þær standa gjarnan sem fylliliðir eða andlög ólíkra liða í móðursetningunni (Hp, 2005:351, 2005:462). Sum nafnorð geta t.a.m. tekið með sér fallsetningar sem fyllilið, forsetningar geta tekið þær með sér í forsetningarlið og þá standa fallsetningar oft sem fylliliðir sagna í sagnlið (Hp, 2005:248).

Líkt og kom fram í kafla 4.2.1. og í neðanmálgrein 9 eru atvikssetningar ekki fylliliðir í móðursetningu heldur eru þær almennt flokkaðar sem viðhengi. Þessum ólíku tengslum aukasetninga við móðursetningu sína má lýsa myndrænt með

setningafræðilegri greiningu, sbr. mynd 2. Þar má sjá að fallsetningin vinstra megin er beint undirskipuð undir sögnina í móðursetningunni. Hún er með öðrum orðum nauðsynleg viðbót til að setningin sé fullgild. Atvikssetningin hægra megin er aftur á móti viðbótarliður, ónauðsynlegt viðhengi við setninguna í heild. Fallsetningar eru því mun háðari sögn í móðursetningu en atvikssetningar:

Mynd 2. Ólíkar formgerðir: Fallsetning sem fylliliður og atvikssetning sem viðhengi



Líkt og þessi mynd gefur til kynna hafa sagnir í móðursetningu því mikil áhrif á sögn í fallsetningu enda eru þær í nánum tengslum. Sagnir eru einmitt helsti orsakavaldur háttanotkunar í fallsetningum.

Fallsetningar skiptast í skýringarsetningar og spurnarsetningar. Skýringarsetningar hefjast á skýringartengingunni *að* og spurnarsetningar hefjast á spurnartengingunni *hvert*, spurnaratviksorðum (t.d. *hvar* eða *hvenær*) eða spurnarfornöfnum (t.d. *hver* eða *hvaða*) (HP, 2005:145). Andstætt atvikssetningum hafa þessar tengingar hins vegar ekki mikil áhrif á háttanotkun í fallsetningum. Þess í stað kalla sagnir í móðursetningu oft á tiltekna háttanotkun í meðfylgjandi fallsetningu. Í skýringarsetningum er merkingarflokkur sagnarinnar helsti orsakavaldur háttanotkunar en miðað er við ákveðnar meginreglur um að staðreyndasagnir taki með sér persónubeygða sögn í framsöguhætti en álits- og talsagnir taki með sér persónubeygða sögn í viðtengingarhætti. Í (15) má sjá nokkur dæmi um verkaskiptingu háttanna og tengsl þeirra við merkingarflokka sagna. Orsakavaldur í móðursetningu (persónubeygð sögn) hefur verið feitletraður og sögn í fallsetningu undirstrikuð:

(15) a) Jón **veit** [að Reykjavík er/*sé höfuðborg Íslands]

Staðreyndasögnin *vita* hefur staðreynðarmerkingu og kallar á framsöguhátt í fallsetningu í þátíð.

b) Jón **heldur** [að Reykjavík sé/*er höfuðborg Íslands]

Álitssögnin *halda* hefur meiri óvissumerkingu og kallar á viðtengingarhátt í fallsetningu.

c) Jón **segir** [að Reykjavík sé/*er höfuðborg Íslands]

Talsögnin *segja* hefur ákveðna óvissumerkingu (mælandinn þarf ekki að vera viss um sannleiksgildi þess sem Jón segir) og kallar á viðtengingarhátt í fallsetningu.

Frá þessum meginreglum eru þó ýmsar undantekningar.¹² Ákveðnar sagnir leyfa t.d. bæði viðtengingarhátt og framsöguhátt í fallsetningu. Munurinn felst þá í blæbrigðum í merkingu þar sem viðtengingarhátturinn táknar óvissu en framsöguhátturinn staðreynd. Í því ljósi skiptir máli hvort mælandinn geri ráð fyrir að það sem hann segir sé satt eða ekki, sbr. dæmi (16) (HP, 2005:461-463).¹³

(16) Ég **frétti** [að Jón hefði/hefur sagt upp]

Sögnin *frétta* leyfir bæði viðtengingarhátt og framsöguhátt. Munurinn felst í blæbrigðum í merkingu sem fer hér eftir afstöðu mælandans til þess sem er sagt. Viðtengingarhátturinn táknar óvissu, þ.e. eitthvað sem mælandinn hefur frétt en er ekki nauðsynlega viss um að sé rétt. Framsöguháttur táknar hins vegar staðreynd eða eitthvað sem mælandi hefur frétt og er viss um að sé rétt.

Háttanotkun getur líka orðið fyrir áhrifum af öðrum atriðum, svo sem tíð eða neitun (sjá t.d. Kristján Árnason, 1981). Á þennan hátt getur valið á milli viðtengingarháttar og framsöguháttar ráðist af ólíkum forskilyrðum (sjá feitletrað) líkt og sjá má í (17):

¹² Merking orða eða heilla liða getur t.a.m. skipt máli þegar kemur að háttanotkun. Þannig kemur viðtengingarháttur gjarnan fram þegar merkingin er óljós eða óraunveruleg. Þá getur merking umsagna eða sagnfyllinga (t.d. lýsingarorðssagnfyllinga) haft áhrif á háttanotkun (HP, 2005:462-463).

¹³ Athugið að raunverulegt sannleiksgildi þess sem sagt er skiptir ekki máli í þessu samhengi, aðeins það mat sem mælandinn leggur á það sem hann segir.

(17) a) Jón **vissi** [að ég hefði svikið hann]

Staðreyndasögnin *vita* hefur staðreyndarmerkingu og hefðinni samkvæmt ætti hún að kalla á framsöguhátt í fallsetningu. Þátíðarformið verður þó til þess að viðtengingarhátturinn er leyfilegur.

b) Það er **augljóst** [að Jón er/*?sé þreyttur]

Hér lætur lýsingarorðið í ljós það álit mælandans að fallsetningin hljóti að vera sönn. Skv. hefðinni kemur því fram framsöguháttur. Ég vil þó taka fram að mér finnst viðtengingarháttur ekki ómögulegur í þessu umhverfi.

Í fallsetningum í viðtengingarhætti er yfirleitt tíðasamræmi við móðursetningu.¹⁴ Sé fallsetningin í framsöguhátti er hins vegar ekki krafa um tíðasamræmi. Þetta kemur t.a.m. í ljós ef við skoðum dæmi (18). Þrátt fyrir að tíð sagnar í móðursetningu samræmist ekki tíð fallsetningar verður setningin ekki ótæk (sögn í aðalsetningu hefur verið feitletruð en sögn í fallsetningu er undirstrikuð):

(18) Jón **veit** [að Reykjavík er/var höfuðborg Íslands]

Sögnin *veit* í aðalsetningu er í nútíð. Framsöguhátturinn í fallsetningu getur bæði verið í nútíð og þátíð (athugið að setningin er málfræðilega rétt þrátt fyrir að merkingin standist ekki endilega skoðun í þátíð, enda er Reykjavík enn höfuðborg Íslands).

Í spurnarsetningum kemur bæði fram framsöguháttur og viðtengingarháttur. Valið þarna á milli er háð tíð sagnar í móðursetningunni. Ef hún er í nútíð er notaður framsöguháttur en með þátíðinni geta báðir hættir komið til greina, sbr. dæmi (19) (sagnir í aðalsetningu hafa verið feitletraðar en sagnir í fallsetningu er undirstrikaðar):

(19) a) Jón **veit** ekki [hvenær ég fer/*fari]

b) Jón **vissi** ekki [hvenær ég fór/færi]

Ef sögnin *vita* er í nútíð er sögn í fallsetningu í framsöguhátti þar sem viðtengingarháttur er ótækur, sbr. (19a). Sé aðalsetning í þátíð er sögnin í framsöguhátti ef fallsetningin táknar eitthvað raunverulegt en viðtengingarhætti ef merkingin er óraunveruleg, sbr. (19b).

¹⁴ Að undanskildum viðtengingarhætti þátíðar sem getur haft sjálfstæða merkingu t.d. í aðalsetningum (sjá HP, 2005:466) en það verður ekki rætt frekar hér.

Undantekning frá þessu er sögnin *spyrja* og önnur orðasambönd sem fela í sér spurningar en hefðinni samkvæmt taka þau alltaf með sér viðtengingarhátt (Jón G. Friðjónsson, 1989, 2003) Þetta má sjá í dæmi (20):

(20) Jón **spyr** [hvort hann sé næstur]

Spurnarsetningin stendur á eftir sögninni *spyrja*. Viðtengingarháttur hefur lengst af verið ráðandi í þessum aðstæðum.

Í aukasetningum með öðrum sögnum (sem ekki fela í sér spurningar, t.d. *vita*) hefur framsöguháttur lengst af samræmst málhefð. Í nútímamáli hefur notkun viðtengingarháttar þó einnig aukist. Þetta má sjá í dæmi (21) (sögn í aðalsetningu hefur verið feitletruð en sögn í fallsetningu er undirstrikuð):

(21) Jón **veit** ekki [hvort hann nær/?nái prófinu]

Spurnarsetning er í nútíð. Hér er þó ekki um beina spurningu að ræða. Hefðinni samkvæmt ætti fallsetningin, þ.e. spurnaraukasetning, að vera í framsöguhætti (*nær*). Í íslensku nútímamáli samþykkja þó margir viðtengingarháttinn (*nái*).

Þetta er nýjung í háttavali sem brýtur gegn málhefð. Í *Handbók um íslensku* (Jóhannes B. Sigtryggsson, 2011:273) er t.a.m. tekið fram að „[Þ]etta ber að varast og nota fremur framsöguhátt...“. Guðrún Þórðardóttir (2006:59) telur að í þessum aðstæðum séu breytingar í háttanotkun mest áberandi, þ.e. í spurnarsetningum sem hefjast á tengingunni *hvort* sem fylgja öðrum sögnum en *spyrja* (eða öðrum sögnum sem tákna spurningar). Næst verður fjallað um háttanotkun í tilvísunarsetningum.

4.2.3. Tilvísunarsetningar

Tilvísunarsetningar (e. *relative clauses*) skipa þriðja flokk aukasetninga. Þær einkennast fyrst og fremst af tilvísunartengingunni *sem*. Tilvísunarsetningar standa yfirleitt sem fylliliðir nafnorða í móðursetningu. Þær hafa því sambærileg tengsl við móðursetningu og fallsetningar (sbr. mynd 2 af hríslum). Þær líkjast þó sumum atvikssetningum að því leyti að háttanotkun miðar við samtengingar og er óháð merkingu eða sannleiksgildi.

Almennt er alltaf framsöguháttur í tilvísunarsetningum (Jón G. Friðjónsson, 1978). Dæmi um hefðbundna tilvísunarsetningu má sjá í (22) en þar er viðtengingarháttur ótækur (samtenging hefur verið feitletruð en sögn í fallsetningu er undirstrikuð):

(22) Bókin [**sem** ég las/**læsi*] var skemmtileg

Viðtengingarháttur getur þó komið fram í tilvísunarsetningu í ákveðnu málfræðilegu umhverfi. Þetta gerist t.d. ef það er líka viðtengingarháttur í móðursetningunni líkt og í dæmi (23). Þar er orsakavaldurinn því ekki tilvísunartenging (hér hefur orsakavaldurinn, sögn í móðursetningu, verið feitletraður en sögn í fallsetningu er undirstrikuð):

(23) Ég vonaði að næsta bók [**sem** ég læsi] **yrði** skemmtilegri

Ekki er gerð krafa um tíðasamræmi í tilvísunarsetningum, sbr. dæmi (24):

(24) Konan [**sem** datt/**dytti* í laugina] **fer/fór** upp úr

Framsöguháttur með tilvísunartengingu, viðtengingarháttur ótækur. Sögnin *datt* í aðalsetningu er í þátíð. Framsöguhátturinn í tilvísunarsetningu getur bæði verið í nútíð og þátíð.

Þessi umfjöllun um mismunandi tegundir aukasetninga gefur til kynna að ákveðnar tilhneigingar hafi áhrif á háttaval. Helstu atriði úr kafla 4.2. verða nú dregin saman.

4.2.4. Samantekt um aukasetningar og háttanotkun

Í tilvísunarsetningum og hluta atvikssetninga eru samtengingar helsti orsakavaldur háttavals þar sem tiltekna tengingar gera kröfu um tiltekna háttanotkun. Í öðrum atvikssetningum er það svo sannleiksgildi sem ræður háttavali þar sem miðað er við að staðhæfingum fylgi framsöguháttur en því sem er óljóst eða óraunverulegt fylgi viðtengingarháttur. Í fallsetningum er merkingarflokkur sagnar í móðursetningu hins vegar helsti orsakavaldur háttanotkunar en í spurnaraukasetningum getur tíð þó einnig

haft áhrif. Helstu einkenni aukasetninga og skilyrði þeirra um háttanotkun má því draga saman eins og á mynd 3:

Mynd 3. Einkenni aukasetninga og háttanotkun innan þeirra

| EINKENNI AUKASETNINGA OG HÁTTANOTKUN | | |
|--------------------------------------|------------------------------------|---|
| ATVIKSSETNINGAR | Tengsl við móðursetningu: | Viðhengi (og því ekki undirskipaðar í móðursetningu). |
| | Helsti orsakavaldur háttanotkunar: | <u>Atvikstengingar</u> sem gera kröfu um annað hvort framsöguhátt eða viðtengingarhátt eða <u>sannleiksgildi</u> setningarinnar í heild. |
| | Tíðasamræmi: | Almenn krafa um tíðasamræmi í móður- og atvikssetningu. Það er þó ekki jafn undantekningarlaust í atvikssetningum í framsöguhátti. |
| FALLSETNINGAR | Tengsl við móðursetningu: | Fylliliðir sagna (og því undirskipaðar í móðursetningu). |
| | Helsti orsakavaldur háttanotkunar: | <u>Merkingarflokkur sagnar</u> í móðursetningu er helsti orsakavaldurinn. <u>Tíð</u> hefur einnig áhrif, sér í lagi í spurnaraukasetningum. |
| | Tíðasamræmi: | Skilyrði um tíðasamræmi milli móðursetningar og fallsetningar með viðtengingarhátti en ekki krafa um samræmi ef fallsetning er í framsöguhátti. |
| TILVÍSUNARSETNINGAR | Tengsl við móðursetningu: | Fylliliðir nafnorða innan móðursetningar (og því undirskipaðar í móðursetningu). |
| | Helsti orsakavaldur háttanotkunar: | <u>Tilvísunartengingar</u> sem gera kröfu um framsöguhátt. |
| | Tíðasamræmi: | Ekki krafa um tíðasamræmi. |

Þrátt fyrir augljósar tilhneigingar er verkaskipting háttanna ekki alltaf augljós eða einföld. Þvert á móti er hún háð ýmsum atriðum sem eiga sér ýmsar undantekningar. Fjölmörg önnur atriði geta nefnilega haft áhrif á háttanotkun, svo sem tíðasamræmi eða notkun hjálparsagna. Þau verða þó ekki rakin frekar hér.¹⁵

Flókin málfræðileg fyrirbæri af þessu tagi hafa tilhneigingu til að vefjast fyrir málhöfum og veikjast gjarnan þegar fram líða stundir. Viðtengingarháttur er t.a.m. veikur eða jafnvel horfinn úr flestum nágrannamálum íslensku. Enn fremur hafa nýlegar

¹⁵ Frekari umfjöllun um eðli og verkaskiptingu viðtengingarháttar og framsöguháttar má t.d. finna hjá Höskuldi Þráinssyni (2005:459-478), Guðrúnu Þórðardóttur (2012), Jóni G. Friðjónssyni (1989) og Kristjáni Árnasyni (1981).

rannsóknir á íslensku nútímamáli sýnt að háttanotkun er á reiki, sér í lagi hjá yngstu málhöfunum. Þessi atriði verða rædd frekar í næstu undirköflum.

4.3. Þróun háttanotkunar í öðrum tungumálum

Í ýmsum tungumálum hefur notkun viðtengingarháttar veiklast töluvert. Í öðrum málum er hann svo alveg horfinn. Þetta á t.d. við um stóran hluta evrópskra tungumála. Í flestum germönsku málunum og öllum keltnesku málunum er viðtengingarháttur að hverfa eða er alveg horfinn (Rothstein og Thieroff, 2010:23). Viðtengingarháttur stendur því afar höllum fæti í norðvesturhluta álfunnar. Í þessum undirkafla verður fjallað lítillega um nokkur þessara mála og breytingar á viðtengingarhætti.

Viðtengingarháttur er t.d. nær horfinn í norsku nútímamáli. Eftir standa aðeins leifar af forna indó-evrópska óskhættinum (e. *optative*). Það sagnform finnst þó nær einungis í föstum, óbreytanlegum orðasamböndum, t.d. kveðjum eða sálmum (sjá (25)):

(25) God signe vårt dyre fedreland
Guð blessi vð. okkar dýrmæta föðurland

Viðtengingarháttur af þessari tegund tjáir eingöngu óskir eða von og lætur í ljós óraunverulega framtíðarmerkingu. Þetta form er stirðnað og finnst ekki í sjálfsprottnu tali í annars konar aðstæðum en hér voru nefndar (Eide, 2010:23). Sama máli gegnir um dönsku en nútímamálið inniheldur aðeins viðtengingarhátt í stirðnuðum orðmyndum. Þessi mál hafa þróast í átt frá fornnorrænu sem varðveitti háttaskiptingu germanskra tungumála þar sem gerður var greinarmunur á framsöguhætti og viðtengingarhætti (Christensen og Heltoft, 2010:88). Að þessu leyti eru málin ólík íslensku sem enn varðveitir viðtengingarháttinn.

Viðtengingarháttur var einnig til í ensku til forna. Í mið-ensku fóru beygingareinkenni viðtengingarháttar hins vegar að veikjast og um árið 1400 hurfu skilin á milli eintölu og fleirtölu í viðtengingarhætti nútíðar. Þau fengu þá sömu beygingarendinguna, *-e*. Hún rann svo saman við beygingarendingu boðháttarins sem

einnig var -e. Smám saman hurfu þessi beygingarlegu einkenni háttanna. Í nútímaensku er viðtengingarháttur svo nánast horfinn. Hann kemur yfirleitt aðeins fram í föstum orðtökum en er þó að einhverju leyti virkur við ákveðnar málfræðilegar aðstæður. Viðtengingarháttur af sögninni *be* ('að vera') er t.d. notaður í nútímaensku og fær þá formið *were*. Hún er eina sögnin í ensku sem hefur enn sérstaka beygingarmynd í viðtengingarhætti. Merkingin vísar til einhvers óraunverulegs eða ímyndaðra aðstæðna (Bergs og Heine, 2010:110-114). Þetta má sjá í dæmi (26):

- (26) Donald wishes Mickey were with him
Donald óskaði Mickey væri v.h. með honum
'Donald vildi að Mickey væri með honum'

Were er eina sögnin í ensku sem hefur sérstaka beygingarmynd í viðtengingarhætti sem er frábrugðin framsöguhátti. Svipaðri óvissumerkingu er þó hægt að koma á framfæri með öðrum sögnum. Hún kemur þá ekki fram með sérstakri beygingarmynd heldur með merkingu setningarinnar sem felst í að miðla e.k. skipun eða ósk (Bergs og Heine, 2010:110). Algengasta notkunin er í aukasetningum sem hefjast á tengingunni *that* líkt og sjá má í dæmi (27):

- (27) I insist that he resign
Ég krefst að hann segi v.h. upp
'Ég krefst þess að hann segi upp störfum'

Ljóst er að viðtengingarháttur er til staðar í ensku en hann er þó afar takmarkaður og háður ákveðnum skilyrðum. Raunar er viðtengingarhátturinn *were* einkum notaður í formlegu máli eða ritmáli og notkun framsöguháttarins sækir mjög á (English Oxford Living Dictionaries, e.d.). Viðtengingarhátturinn hefur verið á undanhaldi síðan um árið 1400 og er auðséð að háttakerfi ensku hefur tekið umtalsverðum breytingum.

Færeyska er það tungumál sem er náskyldast íslensku. Færeyska er þó ólík íslensku að því leyti að þar er viðtengingarháttur svo gott sem horfinn. Hann er að finna í nokkrum steingerðum orðtökum en er ekki virkur (e. *productive*), þ.e. hann kemur aðeins fram í föstum orðasamböndum en ekki í sjálfsprottum aðstæðum (HP o.fl.,

2004). Skyld mál hafa tilhneigingu til að gangast undir sömu málbreytingar og því er ekki ólíklegt að viðtengingarháttar í íslensku bíði sömu örlög. Í því ljósi er athyglisvert að kanna hvort íslenska sé líkleg til að gangast undir sambærilega þróun þar sem viðtengingarhátturinn veikist smám saman og hverfur að lokum líkt og hefur m.a. gerst í norsku, dönsku, ensku og færeysku. Þetta hefur einmitt hlotið töluverða athygli íslenskra málfræðinga sem hafa kannað stöðu viðtengingarháttar og dreifingu háttanna í íslensku nútímamáli. Niðurstöður nýjustu rannsókna á þessu sviði verða ræddar í næsta undirkafli.

4.4. Rannsóknir á breyttri háttanotkun í íslensku

Nýverið hafa heyrst áhyggjuraddir um að viðtengingarháttur sé að veiklast eða hverfa úr íslensku (sjá t.d. umræðu Silju Bjarkar Huldudóttur, 2006). Þó taka ekki allir undir þetta en t.d. hefur Guðrún Þórðardóttir (2006) fullyrt að viðtengingarháttur sé þvert á móti í sókn við ákveðnar málfræðilegar aðstæður (sér í lagi í *hvort*-setningum). Guðrún hefur gert fjölda rannsókna á háttanotkun í íslensku frá ýmsum tímum og í ólíkum miðlum. Hún hefur skoðað texta frá upphafi ritaldar, bloggtexta og lagt kannanir fyrir börn á grunnskólaaldri ásamt öðrum rannsóknum. Niðurstöður hennar gefa til kynna að viðtengingarháttur sé í sókn í setningum sem áður gátu aðeins verið í framsöguhætti. Guðrún fann ýmis raunveruleg dæmi um slíkar nýjungar í dagblöðum, sjónvarpi og á vefmiðlum og nefndi t.a.m. setningarnar í dæmi (28) því til stuðnings (Guðrún Þórðardóttir, 2006:58):

- (28) a) Ég er viss um [að það sé meiri samheldni í hópnum]
b) ...[ef ég sé með hattinn] kemst ég örugglega í stuð

Í báðum dæmum kemur fram viðtengingarháttur þar sem framsöguháttur ætti að birtast skv. málhefð. Guðrún hefur einnig rannsakað aukna notkun framsöguháttar og komist

að því að dæmi eru um hið gagnstæða, þ.e. framsöguhátt þar sem viðtengingarháttur ætti að standa skv. hefð.¹⁶

Á vefnum má finna ýmis dæmi um óhefðbundna háttanotkun, hvort sem um er að ræða framsöguhátt þar sem viðtengingarháttur ætti að standa skv. hefð eða viðtengingarhátt í stað framsöguháttar. Dæmi um slíkar nýjungar má sjá í (29) (þar sem sögn í aukasetningu hefur verið undirstrikuð):

- (29) a) Ég held [að það er kostur] að hafa allaveganna annað hvort tungumálið
Tekið úr einkasamtali af Facebook.
- b) [Ef hann sé á þurrmjólk] á hann að vera að drekka 210-240 ml...
Tekið af spjallþræði á www.bland.is.

Þetta gefur til kynna að viðtengingarháttur sé ekki endilega á undanhaldi heldur sé frekar um að ræða nýjungar í háttanotkun þar sem breytileiki eykst.

Niðurstöður nýlegrar rannsóknar á tilbrigðum í íslensku nútímamáli styðja hugmyndir Guðrúnar (svokallað *Tilbrigðaverkefni*, sjá frekar hjá HP, Ásgrími Angantýssyni og Einari Frey Sigurðssyni, 2013, 2015, 2017. Sjá einnig framlag Guðrúnar Þórðardóttur til *Tilbrigðaverkefnisins*, 2012). Hefðbundnar formgerðir þar sem viðtengingarháttur ætti að koma fram skv. málhefð fengu hátt samþykkishlutfall hjá öllum aldurshópum. Það gefur til kynna að viðtengingarháttur sé ekki að hverfa enda var hefðbundna formgerðin ráðandi hjá öllum aldurshópum í rannsókninni. Niðurstöður gáfu enn fremur til kynna að viðtengingarháttur sækir á í vissum aðstæðum. Niðurstöður bentu engu að síður til þess að breytingar séu að verða á háttanotkun íslenskra málhafa þar sem val viðtengingarháttar og framsöguháttar var mjög á reiki. Enn fremur kom í ljós að yngstu þátttakendurnir voru líklegastir til þess að samþykkja nýjungar (HP o.fl., 2013:75-79; HP, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson, 2015). Á mynd 4 má sjá jákvætt mat nokkurra aldurshópa á völdum prófsetningum úr *Tilbrigðaverkefninu*. Í öllum setningum er um að ræða nýjungar í háttanotkun.

¹⁶ Ítarlegri umfjöllun um rannsóknir Guðrúnar má finna í meistararitgerð hennar (2012).

Mynd 4. Jákvætt mat á prófsetningum úr Tilbrigðaverkefningu

| Prófsetning | 9. bekkur | 20-25 ára | 40-45 ára | 65-70 ára |
|---|-----------|-----------|-----------|-----------|
| Sigrún segir að þú hefur aldrei komið í heimsókn. | 51,8% | 26,4% | 11,5% | 13,8% |
| Hann ætlar samt í ferðalagið þótt hann er enn mjög slappur. | 36,7% | 20,3% | 18,6% | 12,1% |
| Á hann að kaupa eitthvað annað ef það sé ekki til? | 45,9% | 39,1% | 18,8% | 14,8% |

Háttanotkun í Tilbrigðaverkefningu var mjög á reiki líkt og tölurnar á mynd 4 gefa til kynna, sér í lagi hjá yngstu þátttakendum (HP, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson, 2013, 2015). Rannsóknir hafa því sýnt að viðtengingarháttur er ekki horfinn úr málinu og virðist ekki nauðsynlega vera á undanhaldi. Yfirstandandi breytingar á háttanotkun gætu þó bent til að hann standi e.t.v. höllum fæti. Slík þróun er ekki óhugsandi í ljósi þess að viðtengingarháttur er horfinn úr flestum nágrannamálum íslensku líkt og rætt var í kafla 4.3. Niðurstöður þessara rannsókna staðfesta að einhverjar breytingar standa nú yfir en ekki er víst að þær eigi við um alla háttanotkun.

Hér hefur þegar verið fjallað um málumhverfi á Íslandi og bent á að það hefur tekið umtalsverðum breytingum á síðustu árum þar sem enska hefur nú ákveðin yfirráð á stafrænum vettvangi (sbr. umræðu í kafla 2). Sá vettvangur virðist enn fremur vera að breiða úr sér á öðrum sviðum málnotkunar. Mállegt umhverfisáreiti, eða ílag, er þekkt breyta þegar fjallað er um máltöku og málbreytingar. Ef málumhverfið á Íslandi hefur breyst er líklegt að það valdi breyttu ílagi og jafnvel breytingum á málkunnáttu Íslendinga. E.t.v. geta þessar aðstæður líka haft áhrif á málbreytingar sem þegar eru hafnar, t.d. breytingar á háttanotkun. Val á milli framsöguháttar og viðtengingarháttar virðist nefnilega ekki vera eins ótvírætt og áður. Í næsta kafla verður fjallað frekar um málbreytingar og tengsl þeirra við mállegt ílag. Sú umræða verður svo sett í samhengi við nýjungar og málbreytingar í íslensku í kafla 6. Þar verður sjónum beint að vali þátttakenda í vefkönnun á milli framsöguháttar og viðtengingarháttar.

5. Málbreytingar og ílag

Málfræðingar hafa löngum reynt að varpa ljósi á orsakir málbreytinga (e. *language change*) og að kortleggja þróun þeirra. Áður en þetta verður rætt frekar er rétt að nefna aðgreiningu tungumálsins í innra og ytra mál. Innra málið (e. *internalized language*, *I-language* skv. Chomsky, 1986) er þá það tungumál sem býr í huga tiltekinnar manneskju. Ytra málið (e. *externalized language*, *E-language* skv. Chomsky, 1986) er hins vegar e.k. yfirhugtak um tungumál málsamfélagsins eins og það birtist í daglegu tali (svipuð aðgreining er gjarnan gerð á málkunnáttu og málbeitingu, sjá t.d. Margrét Guðmundsdóttir, 2008:12). Þessi aðgreining er mikilvæg í umræðu um málbreytingar vegna þess að málbreyting getur bæði átt við um breytingu á innra málinu og breytingu á ytra málinu og þar með tungumáli málsamfélags í heild.¹⁷

Breytingar af þessu tagi eru ólíkar. Í upphafi verður breyting á málkunnáttu einstaklings (kviknun málbreytingar). Þegar nýjungin er orðin til geta svo aðrir málnotendur farið að tileinka sér hana (útbreiðsla málbreytingar) sem getur leitt til breytingar á tungumáli í sögulegum eða félagslegum skilningi. Málbreytingum má líkja við stein sem rúllar niður hæð. Ákveðnir kraftar verða til þess að hann fer af stað, smám saman tekur hann að ferðast hraðar og að lokum stöðvast hann. Þá er málbreytingin gengin yfir í tilteknu málsamfélagi (Margrét Guðmundsdóttir, 2008).

Í kafla 5.1. verður rætt í stuttu máli um málbreytingar, mögulegar orsakir þeirra og útbreiðslu. Í þessu samhengi verður sérstaklega fjallað um máltöku (e. *language acquisition*) en einnig um mikilvægi ílags sem af mörgum er talið vera einn helsti áhrifavaldurinn þegar breytingar verða á tungumálum. Að lokum verður fjallað um möguleg áhrif breyttrar samfélagsgerðar, og þar með breytts ílags, á málbreytingar í íslensku. Þetta verður rætt í kafla 5.2.

¹⁷ Athugið að hægt er að líta á málbreytingar frá öðru sjónarhorni en því sem tengist þessari aðgreiningu en hér verður miðað við þessar skýringar til einföldunar.

5.1. Málbreytingar

Við vitum að öll tungumál þróast og verða fyrir breytingum. Meðal málbreytinga í íslensku má t.a.m. nefna nýju setningagerðina eða svokallaða þágufallshneigð en þá hafa orðið til nýleg tilbrigði sem ekki komu fram í málinu áður fyrr. Þau hafa nú breiðst út í íslensku málsamfélagi og verða sífellt algengari (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling, 2001; Iris Edda Nowenstein, 2014). Orsakir breytinga af þessu tagi eru þó oft óljósar. Í dag eru kenningar um málbreytingar gjarnan tengdar við máltöku barna og litið svo á að þær kvikni flestar í barnamáli. Þessu til stuðnings má t.a.m. nefna málbreytingalíkan Hale (2007) þar sem gerður er greinarmunur á kviknun og útbreiðslu málbreytingar og talið að kviknunin verði í máltöku. Þá má nefna kenningar Lightfoot (2006) um vísbendi (e. *cue-based acquisition*). Hann setti fram þá hugmynd að breytingar á ílagi gætu valdið því að barn túlkaði málið á annan hátt en áður og þar með yrði breyting á innra máli barnsins (sem síðar gæti orðið til þess að málbreyting breiddist út á meðal annarra málhafa). Báðar kenningar gera ráð fyrir að orsakir málbreytinga sé að finna í máltöku barna.

Ýmsar málfræðirannsóknir hafa einmitt sýnt að nýjungar eru algengastar hjá yngri kynslóðum (sjá t.d. umfjöllun um *RÍN* rannsóknina svokölluðu hjá Höskuldi Þráinssyni og Kristjáni Árnasyni, 1986, Tilbrigðarannsóknina (sbr. HP, Ásgrím Angantýsson og Einar Frey Sigurðsson, 2013, 2015, 2017) og ýmsar rannsóknir á háttanotkun sem voru nefndar í kafla 4). Það bendir e.t.v. til þess að breytingar eigi uppruna sinn hjá börnum, þ.e. að orsök málbreytinga sé að finna í barnamáli. Þetta hefur orðið til þess að málfræðingar sem rannsaka málbreytingar leggja áherslu á að skoða og kortleggja mál og máltöku barna.

Til einföldunar má lýsa máltökufurlinu þannig að barn lærir málið af fyrirmynd. Með öðrum orðum má segja að barn byggji innra mál sitt á ytra máli annarra. Engir tveir fá nákvæmlega sömu upplýsingar eða máláreiti á máltökuskeiði. Við flutning málsins á milli kynslóða er því eðlilegt að túlkun á tilteknu ílagi geti orðið ólík þegar barn lærir af fyrirmyndum sínum. Þegar eitthvað í máli barns er orðið ólíkt máli fyrirmyndanna hefur orðið til nýjung og þar með hefur málbreyting kviknað (og gæti jafnvel breiðst út síðar meir). Þegar málbreyting hefur kviknað er við því að búast að barn á máltökuskeiði heyrir

ólíkar upplýsingar í málumhverfi sínu, þ.e. hefðbundna tilbrigðið annars vegar og nýjungina hins vegar. Þessar kringumstæður valda því að barnið þarf að velja annan hvorn möguleikann sem það tileinkar sér svo í sínu innra máli. Á þessu stigi er komin forsenda fyrir útbreiðslu málbreytingar (sjá Margréti Guðmundsdóttur, 2008).

Þessi (mis)túlkun barna á ílagi og val á breytileika í máláreitinu er því sérstakt áhugaefni þeirra sem fást við málbreytingar. Yang (2002) hefur t.d. gert tilraun til að varpa ljósi á hvernig barn bregst við slíkum breytileika með ákveðnu máltökulíkani (e. *variational model*) sem sýnir hvernig málbreyting getur breiðst út.¹⁸ Nýverið birti hann einnig kenningar um svokallaðan virkniþröskuld (e. *tolerance principle*) sem tekur tillit til vensla málfræðireglna og undantekninga á þeim og hvernig þessi vensl geta orðið til þess að börn tileinka sér aðrar málfræðireglur en fyrirmyndirnar (Yang, 2016). Báðar kenningarnar fjalla um hvernig máláreiti úr umhverfinu, þ.e. ílag, hefur áhrif á máltöku og þar með málbreytingar. Ílag verður til umræðu í kafla 5.2.

5.2. Ílag

Í málfræði á hugtakið ílag (e. *input*) við um það máláreiti úr umhverfinu sem hefur áhrif á tungumál þess sem fær ílagið. Ílagi hefur verið lýst sem því úr málumhverfinu sem er meðtekið og „fer inn“, en ekki allt það sem er tiltækt og „gæti farið inn“ (Corder, 1981). Ílagskenningar í málfræði gera því ráð fyrir að reynsla stýri máltökunni í einhverjum mæli. Ílag hefur áhrif á máltöku móðurmálsins en er ekki síður áhrifavaldur þegar málhafar tileinka sér önnur mál. Paradis og Grüter (2014:11) telja m.a.s. að ílagsþættir vegi meira í tileinkun annars mál (L2) en móðurmáls (L1).

Málhafar ná yfirleitt tókum á málfræðilegum atriðum í tungumálinu á tilviljanakenndan hátt (e. *incidental learning*). Með því er átt við að einstaklingar einbeiti sér að því skilja tiltekið viðfangsefni en læra ómeðvitað eitthvað annað, t.a.m.

¹⁸ Athugið að einnig eru uppi hugmyndir um að málbreytingar geti átt upptök sín í máli einstaklings **eftir** að máltökuskeiði lýkur (sjá t.d. McMahon, 1994). Það er stundum kallað *regluviðbót* (e. *rule addition/innovation*). Breytingar í máli einstaklings eftir að máltökuskeiði lýkur eru líka stundum kallaðar *lífsleiðarbreytingar* (e. *lifspan change*, sjá t.d. Sankoff, 2004; Sankoff og Blondeau, 2007).

málfræðileg atriði. Þetta ómeðvitaða nám fer t.a.m. fram í samtölum eða lestri en ekki síður með annars konar áreiti, s.s. sjónvarpsáhorfi (Paribakht, 1999). Ung börn öðlast t.d. orðaforða með áreiti úr umhverfi sínu. Máláreiti af þessu tagi, þ.e. ílag, getur því komið fram á ýmsum ólíkum sviðum t.a.m. með hlustun, lestri eða samræðum.

Í dag er líklegt að mállegt ílag komi ekki síður úr sjónvarpi eða tölvum en úr samræðum, lestri eða öðrum athöfnum (sbr. umræðu í kafla 2 um breyttar samfélagsaðstæður). Sjónvörp og snjalltæki geta nefnilega gegnt lykilhlutverki í því mállega áreiti sem einstaklingar verða fyrir. Webb (2010) nefnir t.d. að sjónvarp geti verið afar áhrifamikið sem mállegt ílag en hann telur að sjónvarpsáhorf geti t.d. auðgað orðaforða (sbr. *incidental learning* líkt og hér hefur verið rætt). Ásrún Jóhannsdóttir (2010) hefur einnig bent á að áreiti á ensku, t.a.m. við sjónvarpsáhorf eða netnotkun, geti haft áhrif á íslenska málfafa. Hún hefur t.a.m. sýnt fram á að aukið áreiti á ensku getur aukið enskan orðaforða Íslendinga. Þetta á sér í lagi við um börn á máltökuskeiði.

Áhrif ílags á máltileinkun eru óneitanleg. Það er t.a.m. ótvíræð fylgni á milli ílags og orðaforða líkt og hér hefur komið fram. Venslin á milli ílags og málfræðilegra atriða eru þó óljósari og flóknari, sér í lagi þegar um tileinkun annars máls er að ræða (Elín Þöll Þórðardóttir, 2014). Í þessum fræðum er gjarnan talað um magn og gæði ílags. Með gæðum er átt við að sumar „tegundir“ ílags séu ákjósanlegri en aðrar.

5.2.1. Magn og gæði ílags

Krashen (1982) hefur talað um svokallað kjörílag (e. *optimal input*) en það þarf að uppfylla ákveðnar kröfur. Þessar kröfur eru taldar upp í (30) en kjörílag þarf að vera:

(30)

- Skiljanlegt (e. *comprehensible*)
- Áhugavert og viðeigandi í tilteknum aðstæðum (e. *interesting/relevant*)
- Eðlilegt og náttúrulegt, þ.e. eitthvað sem kemur fram í hversdagslegum aðstæðum og samskiptum (e. *natural/authentic*)
- Í nógu miklu magni (e. *quantity*)

Þetta gefur jafnframt til kynna að ílag geti verið misgott í einhverjum skilningi. Ef það uppfyllir ekki þessar kröfur eru gæði þess þannig að það skilar sér ekki með sama árangri í málkunnáttu tiltekins málhafa. Ílagið verður þar að auki að vera nægilega mikið svo málnotandi geti nýtt sér það. Í máltöku annars máls en móðurmáls eru t.d. bein tengsl á milli þess tíma sem málnotandi verður fyrir máláreitinu og málfærninnar sem hann hlýtur í kjölfarið (Hart og Risley 1995; Pearson o.fl., 1997; Elín Þöll Þórðardóttir, 2014). Í slíkum aðstæðum er ílagið því nógu mikið til að gagnast málnotanda.

Nýlegar rannsóknir gefa til kynna að magn ílags sé ekki eina breytan sem skiptir máli í máltöku. Einnig verður að taka tillit til gæða ílagsins þar sem gagnvirk samskipti eru talin vænlegust til árangurs (Fernald og Weisleder, 2010). Í máltöku móðurmáls er t.d. jákvæð fylgni á milli viðbragðs eða svörunar foreldris við máli barns á máltökuskeiði og málþroska barnsins (Hudson o.fl., 2015; Sigríður Sigurjónsdóttir, 2013). Place og Hoff (2011) komust einnig að því að aukinn fjöldi þeirra sem eiga í gagnvirkum samskiptum við barn á máltökuskeiði hefur jákvæð áhrif á tileinkun annars máls. Þessar rannsóknir gefa til kynna að gagnvirkni í samskiptum sé afar mikilvægur þáttur í tileinkun móðurmáls en ekki síður þegar málhafar læra annað tungumál.

Ílag felst þó ekki einungis í samskiptum við aðra málnotendur. Það getur t.d. líka falist í áhrifum rafrænna miðla (e. *electronic media exposure*) en hér hefur t.d. verið talað um tengsl sjónvarpsáhorfs við aukinn orðaforða. Ílag af þessu tagi er hins vegar ekki gagnvirkt, en líkt og hér hefur komið fram er gæðalegt ílag einmitt talið felast í gagnvirkni. Þetta bendir til að rafrænt ílag, t.d. áreiti frá sjónvarpi, sé e.t.v. ekki ákjósanlegasta máláreiti sem völ er á. Rannsókn á heyrnardaufum börnum gaf t.d. til kynna að þau börn sem urðu fyrir miklum áhrifum rafrænna miðla höfðu minni gagnvirk samskipti en önnur börn. Málhæfni þeirra var jafnframt slakari (Ambrose, Van Dam og Moeller, 2014). Þessi rannsókn sýnir því neikvæða fylgni á milli rafræns ílags og samskipta og málhæfni. Þær rannsóknir sem hér hafa verið nefndar sýna því allar að fjölbreytt og gæðalegt ílag hefur sterka fylgni við málkunnáttu og –færni.

Til þessa hefur málnotkun á rafrænum vettvangi, t.a.m. í tölvum eða við sjónvarpsáhorf, verið óvirk. Með því er átt við að málnotkunin felst að mestu leyti í e.k.

móttöku eða túlkun á mállegum upplýsingum, þ.e. með hlustun eða lestri. Á móti er talað um að virk málnotkun, t.d. tal eða ritun, felist í e.k. framleiðslu af hálfu málnotanda. Ílag verður að vera fjölbreytt og endurspeglar raunverulegar málaðstæður (vera eðlilegt og náttúrulegt líkt og Krashen talaði um, sjá (30)) til að uppfylla kröfur um gæði og skila sér með fullnægjandi hætti í málkunnáttu einstaklings. Það gefur til kynna að ílag sem er einungis óvirkt, t.d. sjónvarpsáhorf eða lestur, uppfylli ekki kröfur um gæði þar sem slík málnotkun endurspeglar ekki raunverulegar og alhliða málaðstæður.

Rannsóknir á enskunotkun á Íslandi hafa sýnt að hún er að mestu leyti óvirkt. Þetta þýðir að Íslendingar lesa og hlusta á mun meiri ensku en þeir tala eða skrifa. Óvirkt enskukunnátta Íslendinga ætti því að vera nokkuð góð. Almennt virðast Íslendingar einmitt standa í þeirri trú að þeir séu færir enskunotendur. Rannsóknir hafa aftur á móti sýnt að virk enskukunnátta landsmanna, þ.e. tal eða ritun, er mun slakari en sú óvirka. Þannig virðist kunnátta á óvirkum sviðum hafa áhrif á mat Íslendinga á eigin færni svo þeir telja sig betri í ensku en þeir eru í raun og veru (Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2018:216). Virk enskunotkun hér á landi virðist nefnilega ekki nógu mikil og endurspeglar ekki raunverulegar málaðstæður sem felast í meiri gagnvirkri notkun. Þetta merkir enn fremur að ílagið, eða málnotkunin, uppfyllir ekki kröfur um gæði skv. Krashen (sbr. (30)).


Nýlegar rannsóknir gefa þó til kynna að enskunotkun Íslendinga sé að breytast og verða gagnvirk í meira mæli en áður. Þar hafa möguleikar á gagnvirkum samskiptum á samfélagsmiðlum eða í tölvuleikjum haft mikil áhrif og m.a. orðið til þess að íslenskir notendur á þessum miðlum eru að verða bæði yngri og virkari enskunotendur en áður (sjá t.d. Ásrúnu Jóhannsdóttur, 2010). Í þessu ljósi má velja fyrir sér hvort enskuáreiti og aðstæður fyrir enskunotkun á Íslandi séu að breytast. Ef enskunotkun er að verða gagnvirkari og nær til yngra fólks endurspeglar hún eðlilegra, náttúrulegra og áhugaverðara ílag en áður. E.t.v. verður þetta til þess að aðstæður fyrir ensku á Íslandi komast sífellt nær því að uppfylla kröfur Krashen um kjörílag (sbr. dæmi (30)). Slík þróun hlýtur að hafa umtalsverð áhrif á færni landsmanna í ensku en ekki síður í íslensku.

5.2.2. Skortur á ílagi: Málhrörun, ófullkomin máltaka og erfðarmál

Ef málumhverfi og málvenjur breytast er hættu á að ákveðin málfræðileg atriði geti veiklast í máli einstakra málhafa. Þetta kallar Schmid (2011) málhrörun (e. *attrition*). Málhrörun á við um einstaka málhafa sem breyta eða tapa ákveðinni þekkingu á móðurmáli sínu. Orsökina er sú að málumhverfi þeirra hefur tekið umfangsmiklum breytingum þar sem þeir nota annað mál en móðurmálið reglulega á einu eða fleiri sviðum í lífi sínu. Breytingar af þessu tagi geta t.a.m. átt við um einföldun í beygingum, breytingar á setningaskipan, tap á orðaforða eða endurmótun á hljóðkerfi einstaklings.

Málhrörun getur t.a.m. átt sér stað hjá brottfluttum málhöfum, þ.e. þeim sem flytja inn í annað málsamfélag og nota móðurmálið lítið sem ekkert. Með tíð og tíma geta þessir einstaklingar aukið færni sína í öðru máli (L2) og ná jafnvel færni á borð við innfædda að lokum. Hins vegar getur þetta líka orðið til þess að þessir einstaklingar endurmóta móðurmál sitt (L1) og málkerfið „þrengist“. Í slíkum tilfellum hefur ílag, áreiti og notkun annars máls (L2) haft áhrif á málkerfi móðurmálsins (Schmid, 2011:3-5). Þessu lýsa Schmid og Köpke (2007:2) líkt og á mynd 5 þar sem svið L2 er orðið stærra en svið L1. Myndin sýnir einnig hvernig ýmis málfræðileg svið L1 verða fyrir áhrifum af L2:

Mynd 5. Áhrif L2 á málkerfi L1



Málhrörnun á því við um hnignun eða veiklun ákveðinna þátta í tungumáli málhafa sem orsakast af takmarkaðri notkun móðurmálsins. Áður fyrr var aðeins talað um málhrörnun þegar einstaklingar höfðu ekki notað móðurmál sitt til lengri tíma. Nú telja ýmsir fræðimenn hins vegar að um leið og málhafi nær tökum á öðru tungumáli geti móðurmálsnotkunin borið þess merki. Schmid (2011) setti m.a.s. fram þá hugmynd að það sem við köllum *málhrörnun* sé ástand sem allir tvítýngdir einstaklingar upplifa, aðeins í mismiklum mæli. Hún telur að veiklun málfræðilegra atriða sé einfaldlega agnarsmár hluti af annars umfangsmiklum áhrifum L2 á L1 sem verða aðeins eftirtektarverð í máli sumra einstaklinga (Schmid, 2011:12).


Það getur verið flókið að greina á milli málhrörnunar og ófullkomnar máltöku (e. *incomplete acquisition*). Polinsky (1994) gerir t.d. ekki greinarmun á milli þessara hugtaka. Hún telur að mál ungra barna sem flytjast inn í annað málsamfélag gangist undir sömu þróun og mál fullorðinna sem tapa ákveðinni þekkingu á móðurmáli sínu síðar á lífsleiðinni. Í dag er hins vegar yfirleitt gerður greinarmunur þarna á milli. Málhrörnun á þá við um tap á sérhæfingu í móðurmálinu eftir að máltökuskeiði lýkur. Ófullkomin máltaka á sér aftur á móti stað þegar málhafi nær ekki fullkomnu valdi á málinu vegna þess að ílagið er takmarkað eða vegna áhrifa úr ríkjandi málinu á máltökuskeiði (Schmid, 2011:3-7).

Móðurmál tvítýngdra einstaklinga sem búa í málsamfélagi þar sem annað mál er ríkjandi er stundum kallað erfðarmál (e. *heritage language*). Oft eru þetta brottfluttir málhafar sem nota ríkjandi málið á nær öllum sviðum lífs síns en notkun erfðarmálsins er afar takmörkuð og oft aðeins bundin við æskuheimilið (Benmamoun, Montrul og Polinsky, 2010). Erfðarmálshafar tileinka sér því (yfirleitt) móðurmálið áður en máltökuskeiði lýkur en þeir nota annað mál, ríkjandi mál samfélagsins, á flestum sviðum málnotkunar. Þetta verður til þess að málhafarnir sýna einhver frávik í erfðarmálinu (sjá t.d. umfjöllun Sigríðar Mjallar Björnsdóttur, 2014:10-12 um ýmis frávik í málkerfi erfðarmálshafa, sér í lagi í vesturíslensku). Ófullkomin máltaka og málhrörnun eru atriði sem eru talin móta erfðarmál. Bæði eiga þessi hugtök við um þróun og breytingar á máli sem orsakast af ófullnægjandi málupplýsingum eða ílagi.

Ef málumhverfið breytist þannig að ílag á móðurmálinu minnkar til muna er hættu á að málhafar upplifi málhörnun og máltaka yngri kynslóða verði ófullkomin. Breyttar aðstæður á Íslandi vekja upp spurningar um breytt ílag og hvort það geti einhvern tímann orðið til þess að íslenska fari að sýna einkenni erfðarmála. Ef svo fer er hættu á að breytt ílag verði til þess að breytingar verði á íslensku en líkt og kom fram í kafla 5.1. getur túlkun á ílagi valdið málbreytingum.

Van der Wurff (1995) hefur talað um svokallað sambýli tungumála (e. *language contact*) og nefnir að það geti verið ein forsenda málbreytinga. Ef íslenskar aðstæður eru skoðaðar í þessu samhengi er möguleiki á að málbreytingar verði af völdum aukinnar notkunar á öðru máli (ensku) á ýmsum vettvangi. Van der Wurff lýsti ýmsum tegundum málbreytinga með eftirfarandi mynd. Mögulegar málbreytingar í íslensku í kjölfar málsambýlis íslensku og ensku hafa verið rauðmerktar:

Mynd 6. Tegundir málbreytinga skv. van der Wurff (1995)



Ákveðnir þættir eru viðkvæmari fyrir málbreytingum en aðrir. Þetta eru einkum formgerðir sem eru sjaldgæfar eða markaðar gagnvart öðrum í málinu og lærast því seint á máltökuskeiði (sjá t.d. Chaudenson, 2001). Viðtengingarháttur er markaður gagnvart framsöguhætti en eins og kom fram í kafla 4.3. hefur hann einmitt veiklast eða horfið úr ýmsum grannmálum íslensku. E.t.v. getur breytt ílag orðið til þess að íslenskir málhafar missa ákveðna málfræðilega sérhæfingu, t.d. í háttanotkun.

Í þessu ljósi var ákveðið að kanna þá breytingu sem stendur nú yfir á háttanotkun í íslensku (sbr. kafla 4.4.). Ætlunin var að rannsaka eðli breytingarinnar og kanna hvort

hún geti mögulega haft tengsl, bein eða óbein, við máláreiti eða ílag. Í því samhengi var sérstök áhersla lögð á möguleg áhrif ensku á íslensku og miðað við þá kenningu að breyttar samfélagsaðstæður á Íslandi á síðustu árum geti haft áhrif á það máláreiti og ílag sem landsmenn verða fyrir. Með breyttum aðstæðum er fyrst og fremst átt við svokallaða snjalltækjavæðingu sem hér hefur þegar verið rædd (sbr. kafla 2.2.). Í þessu ljósi er athyglisvert að kanna hvort breyttar aðstæður og breytt ílag (eða skortur á því) geti orðið til þess að hraða málbreytingum sem þegar eru hafnar. Könnun á tengslum ílags og háttanotkunar verður til umræðu í næsta kafla.

6. Enskunotkun og háttaval: Niðurstöður vefkönnunar

Í þessum kafla verður fjallað um niðurstöður vefkönnunarinnar sem var kynnt í kafla 3 og er hluti af rannsóknarverkefningu *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*. Hér má sjá rannsóknarmarkmið ritgerðarinnar (sbr. kafla 1) til upprifjunar:

- 1) Kortleggja enskunotkun Íslendinga með tilliti til magns og gæða
- 2) Kanna breytingar í háttanotkun
 - Skoða val ólíkra aldurshópa á framsöguhætti og viðtengingarhætti til að kanna hvort almenn breyting sé að verða á háttanotkun í íslensku
 - Kanna óbein áhrif enskunotkunar til að athuga hvort þeir sem nota mikla ensku séu líklegri en aðrir til að samþykkja nýjungar í háttanotkun

Í þessum kafla verður rætt um svör þátttakenda. Í þessari umræðu er þeim skipt í eftirfarandi aldurshópa (athugið að fjórir elstu hóparnir endurspegla ekki nákvæmlega úrtakshópana sem nefndir voru í (4)):

(31)

- 13-15 ára
- 16-20 ára
- 21-30 ára
- 31-45 ára
- 46-55 ára
- 56-65 ára
- Eldri en 65 ára

Í köflum 6.1. og 6.2. verður rætt um enskunotkun þátttakenda sem virðist almennt vera umtalsverð. Hún er hins vegar ekki sambærileg á öllum sviðum og því ekki af sama tagi og hefðbundin íslenskunotkun þátttakenda. Mat þátttakenda á háttanotkun, þ.e. val þeirra á framsöguhætti og viðtengingarhætti, verður svo rætt í kafla 6.3. Því næst verður fjallað um tengsl háttavals og enskunotkunar í kafla 6.4.

6.1. Almenn enskunotkun þátttakenda í vefkönnun

Í þessum kafla verður rætt um niðurstöður vefkönnunarinnar sem lögð var fyrir sumarið 2017 á enskunotkun þátttakenda. Hér verður fyrst og fremst byggt á fjórum spurningum úr rannsókninni þar sem þátttakendur voru beðnir um að leggja mat á hversu oft þeir:¹⁹

(32)

- Tala ensku
- Hlusta á ensku
- Lesa á ensku
- Skrifa á ensku

Svarmöguleikarnir voru eftirfarandi, sbr. (33) (ásamt möguleikanum „vil ekki svara“):

(33)


- Daglega
- Nokkrum sinnum í viku
- Nokkrum sinnum í mánuði
- Á 2-6 mánaða fresti
- Sjaldnar en á 6 mánaða fresti

Líkt og hér kom fram voru þátttakendur í vefkönnuninni alls 1.614 talsins. Hins vegar kom fyrir að þátttakendur hættu að svara eftir að hafa byrjað á könnuninni. Því var ákveðið að telja ekki með svör þeirra sem höfðu hætt þátttöku þegar kom að þessum þætti vefkönnunarinnar. Þeir sem enn voru virkir þegar spurningar um enskunotkun voru lagðar fyrir voru alls 1.567. Niðurstöður í þessum hluta eru miðaðar við þessa tölu.

Líkt og hér hefur verið rætt (sbr. umræðu í kafla 2) hafa ýmsir áhyggjur af því að enskunotkun Íslendinga sé stöðugt að aukast, sér í lagi hjá ungu fólki og börnum. Niðurstöður vefkönnunarinnar gefa til kynna að enskunotkun hér á landi sé töluvert mikil. Á mynd 7 má t.a.m. sjá hlutfall þeirra sem segjast tala ensku á hverjum degi:

¹⁹ Markmið rannsakenda var að ná til enskunotkunar af margvíslegu tagi. Í spurningunum voru því gefin upp ýmis dæmi um það sem féll undir enskunotkun á hverju sviði. Þannig gat lestur á ensku t.a.m. náð yfir lestur langra fræðigreina en einnig stutta texta á samfélagsmiðlum. Þær útskýringar sem þátttakendur áttu að miða við eru gefnar upp í viðauka A.

Mynd 7. Hlutfall þeirra sem segjast tala ensku daglega í hverjum aldurshópi




Hér kemur fram að um þriðjungur Íslendinga á aldrinum 13-30 ára talar ensku á hverjum degi.²⁰ Þar af er notkunin þó einna mest hjá fólki á aldrinum 16-30 ára. Notkunin fer svo stíglækkandi hjá fólki sem er eldra en 30 ára og er ekki nema um 5% í elsta hópnum. Daglegt tal á ensku er því að meðaltali um 25% hjá öllum 13 ára og eldri Íslendingum sem merkir að fjórði hver Íslendingur talar ensku í einhverjum mæli alla daga.

Dagleg ritun á ensku mældist töluvert minni í flestum aldurshópum. Hún var aðeins um 3-4% hjá 56 ára og eldri. Dagleg ritun á ensku var algengust hjá fólki á aldrinum 16-20 ára, eða 40%. Þessir þátttakendur eru á menntaskólaaldri þar sem enska er kennd vikulega í skólanum sem skýrir mögulega þetta háa hlutfall. Um þetta er þó ómögulegt að segja að svo stöddu.

Sú enskunotkun sem er algengust hjá Íslendingum er hins vegar hlustun eða lestur. Á mynd 8 má sjá hlutfall þeirra sem segjast lesa eða hlusta á ensku á hverjum degi:

²⁰ Í vefkönnuninni var sérstaklega tekið fram að ekki var átt við einstök orð eða frasa, sbr. viðauka A.

Mynd 8. Hlutfall þeirra sem segjast lesa/hlusta á ensku daglega í hverjum aldurshópi



Appelsínugula línan stendur fyrir hlustun á ensku en sú bláa sýnir hlutfall þeirra sem lesa ensku á hverjum degi. Líkt og hér má sjá notar stór hluti þátttakenda ensku á þessum sviðum daglega. Þessi notkun ensku er því afar mikil og almenn. Um 75% fólks á aldrinum 21-30 ára les einhverja ensku á hverjum degi og 84% þeirra hlusta á hana daglega. Þessar tölur gefa raunar til kynna að meirihluti Íslendinga á aldrinum 13-45 ára lesi og/eða hlusti á ensku á hverjum einasta degi. Notkunin er vissulega minni hjá eldra fólki en hún er engu að síður merkilega mikil. Um 33% fólks sem er eldra en 65 ára, eða um þriðjungur í þessum aldurshópi, hlustar á ensku á hverjum degi. 20% þeirra, eða fimmtungur, les hana svo daglega.

Niðurstöður gefa því til kynna að enskunotkun sé almennt töluvert mikil á Íslandi. Hún er mest hjá fólki á aldrinum 16-30 ára en minnst í elsta hópnum líkt og við var að búast. Engu að síður virðist hún vera umtalsverð hjá Íslendingum á öllum aldri. Þar af er dagleg hlustun og lestur á ensku mun meiri en tal og ritun. Í kafla 5.2.1. var einmitt talað um muninn á virkri og óvirkri málnotkun eða ílagi. Því var ákveðið að flokka þátttakendur eftir virkri notkun annars vegar, þ.e. tali og ritun, en hins vegar óvirkri notkun, eða hlustun og lestri.

6.2. Virk og óvirk enskunotkun þátttakenda í vefkönnun

Þátttakendur voru einnig flokkaðir með tilliti til virkrar og óvirkar enskunotkunar. Tal eða ritun fellur þá undir virka enskunotkun en slík notkun felst í e.k. framleiðslu ensku af hálfu málnotanda. Óvirk notkun, þ.e. lestur eða hlustun, felst aftur á móti í einhvers konar móttöku eða túlkun á ensku ílagi. Í því skyni voru þeir sem bæði hlusta **og** lesa á ensku á hverjum degi flokkaðir saman andstætt þeim sem bæði tala **og** skrifa hana daglega.²¹ Að auki voru þeir sem nota ensku á öllum fjórum sviðum á hverjum degi settir í sérstakan flokk. Athugið að einhverjir þátttakendur geta því lent í fleiri en einum flokki, þ.e. þeir sem eru með virka enskunotkun en líka alhliða enskunotkun. Hér er ekki gerður greinarmunur á aldurshópum. Hóparnir voru eftirfarandi, sbr. (34):

(34)

- Dagleg virk enskunotkun (tal og ritun): 215 (13,7%)
- Dagleg óvirk enskunotkun (lestur og hlustun): 694 (44,3%)
- Dagleg alhliða enskunotkun (tal, ritun, lestur og hlustun) 199 (12,7%)

Þeir sem bæði lesa og hlusta á ensku í hópi svarenda eru alls 694, eða mun fleiri en þeir sem tala og skrifa hana daglega. Þeir sem tala og skrifa ensku daglega eru alls 215. Að auki er enskunotkun fæstra alhliða en það eru fáir sem tala, hlusta, lesa **og** skrifa ensku daglega. Þetta sýnir að enskunotkun Íslendinga er ekki sú sama á öllum sviðum. Hún fer að mestu fram með hlustun eða lestri og er því aðeins að litlu leyti virk (rétt eins og komið hefur fram hjá Birnu Arnbjörnsdóttur og Hafdísí Ingvarsdóttur, 2018). Þeir sem nota ensku á virkum sviðum, þ.e. skrifa og tala ensku á hverjum degi, eru enn fremur líklegir til að hlusta á og lesa hana daglega líka. Þetta má sjá af því að þeir sem nota ensku á öllum fjórum sviðunum eru alls 199 talsins, eða aðeins örlítið færri en þeir sem segjast tala og skrifa hana daglega (en þeir eru alls 215). Þeir sem eru virkir enskunotendur eru með öðrum orðum mjög líklegir til að nota hana líka á óvirkum sviðum málnotkunar (í lestri og hlustun). Þessu er ekki öfugt farið. Þeir sem lesa og hlusta á ensku daglega eru ekki endilega líklegir til að tala og skrifa hana reglulega. Ef tæpur helmingur Íslendinga

²¹ Flokkunin hér er því frábrugðin þeirri sem lýst er í kafla 6.1. en þar er aðeins fjallað um enskunotkun á einstökum og aðskildum sviðum (tal/hlustun/lestur/ritun).

(eða 44,3% skv. þessum niðurstöðum) les og hlustar á ensku á hverjum degi hlýtur óvirk enskukunnátta, t.d. skilningur á lestri eða hljóðupptökum, að vera nokkuð góð. Þetta merkir samt sem áður ekki að tjáningarfærni, þ.e. tal eða ritun, sé jafn sterk.²²

Þessar niðurstöður styðja niðurstöður ýmissa rannsókna á enskunotkun hér á landi. Árið 2002 framkvæmdi Gallup t.a.m. könnun á enskunotkun Íslendinga en hún var liður í samnorrænu rannsóknarverkefni um aðkomuorð. Könnunin leiddi í ljós að íslenskir þátttakendur undir 30 ára skrifuðu og töluðu meiri ensku í frítíma sínum en eldri þátttakendur. Eldra fólkið virtist frekar nota ensku á óvirkum vettvangi, sér í lagi með lestri. Um 59% fólks undir 30 ára sagðist hafa talað ensku í námi eða starfi einhvern tímann á undanfarinni viku. Hjá þátttakendum eldri en 60 ára var þetta hlutfall um 33% (sjá hjá Kristjáni Árnasyni, 2005:115-116). Í vefkönnuninni sem er til umræðu í þessari ritgerð er spurt um daglega notkun ensku og ekki er gerður greinarmunur á enskunotkun í starfi eða námi og í frítíma. Viðmiðin eru því önnur. Líklega hefur enskunotkun aukist enn frekar frá því að samnorræna rannsóknin var framkvæmd árið 2002.


Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (2018:52-53) hafa einnig bent á að kynni Íslendinga af ensku séu mikil en þau fari þó að mestu fram á óvirkum vettvangi. Birna Arnbjörnsdóttir (2011) hefur einnig bent á að Íslendingar heyra ensku fjórum sinnum oftár en þeir tala hana. Birna og Hafdís (2018:53) telja enn fremur að ungt fólk sé líklegra en þeir sem eldri eru til að horfa á erlent myndefni án texta, noti ensku frekar í starfi og sé virkara en aðrir á samskiptamiðlum þar sem enska er notuð. Þær telja einnig að aukin kynni af snjalltækjum og snjallforritum, þar sem efni er nánast allt á ensku og án íslenskra útskýringa, geti aukið kynni ungs fólks og barna af ensku svo um munar.

Niðurstöður rannsóknarverkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* sýna sömu tilhneigingar þar sem virk enskunotkun er mun minni en sú óvirka. Hér ber þó að nefna að bilið á milli virkar og óvirkrar notkunar virðist vera að minnka hjá yngstu þátttakendum þar sem yngra fólk er líklegra en aðrir til að nota ensku á virkum sviðum (sjá t.d. mynd 7 um daglegt tal á ensku). Í þessu ljósi var ákveðið

²² Margir hafa einmitt bent á að Íslendingar ofmeti gjarnan enskukunnáttu sína (sjá t.d. Birnu Arnbjörnsdóttur og Hafdís Ingvarsdóttur, 2018:53 og Max Naylor, 2017).

að flokka virka ensknotendur enn frekar eftir aldri. Í ljós kom að yngra fólk er mun líklegra en aðrir til að bæði tala og skrifa ensku á hverjum degi. Notkunin fer stighækkandi og er mest hjá fólki á aldrinum 16-30 ára. Hlutfall virkra ensknotenda hríðlækkar svo hjá þeim sem eru eldri en 30 ára. Þetta er sýnt á mynd 9:

Mynd 9. Hlutfall daglegrar, virkrar ensknotkunar í hverjum aldurshópi



Þetta gefur til kynna að ensknotkun Íslendinga sé að breytast og verða virkari en áður þar sem ungt fólk er mun líklegra en það eldra til að tala og skrifa ensku daglega. Aukin virk ensknotkun getur e.t.v. orðið til þess að enskukunnátta Íslendinga á virkum sviðum eykst í kjölfarið. Í kafla 5.2. kom fram að virk málnotkun er gjarnan álitin „gæðalegri“ en óvirk notkun. Þessi þróun gæti því orðið til þess að auka enskukunnáttu Íslendinga, en e.t.v. líka orðið til þess að auka áhrif hennar á íslensku þegar fram líða stundir.

Þrátt fyrir að bilið á milli virkrar og óvirkrar notkunar virðist vera að minnka er þó enn töluverður munur þar á milli. Til gamans má geta þess að íslensknotkun þátttakenda mældist mun jafnari á milli ólíkra sviða. Almennt tala, hlusta, lesa og skrifa um 85-95% allra þátttakenda á íslensku á hverjum degi að meðaltali. Íslensknotkun er því bæði mikil og fer fram á fjölbreyttum sviðum. Það gerir ensknotkun ekki í sama mæli. Þetta sýnir að þrátt fyrir að notkun ensku á Íslandi sé mikil er hún gjörólík móðurmálsnotkuninni. Ensknotkun hjá hefðbundnum Íslendingi er því gjarnan bundin

við afmörkuð svið (tal/lestur/hlustun/ritun) en nær ekki til þeirra allra og er því ekki eins fjölbreytt og alhliða og hefðbundin móðurmálsnotkun.

Í þessu ljósi er athyglisvert að kanna hvort aukin enskunotkun geti haft áhrif á málkunnáttu þátttakenda í íslensku. Í því skyni var skoðað hvort yngri þátttakendur hafa aðrar skoðanir á háttanotkun í íslensku en þeir sem eldri eru. Ef svo er, er það ótvíræð vísbending um að háttanotkun sé að breytast. Ef almennar breytingar eru að verða á háttanotkun ættu þær að vera mest áberandi hjá yngstu málnotendunum. Þetta verður rætt í kafla 6.3. Þar að auki var kannað hvort mikil notkun ensku geti e.t.v. haft óbein áhrif á þær formgerðir sem þegar eru markaðar eða flóknar í málinu, líkt og á við um háttanotkun. Ef þeir sem nota mikla ensku eru líklegri en aðrir til að samþykkja nýjungar í málfræði, t.d. í háttanotkun, er það vísbending um að enskunotkun geti haft áhrif á málbreytingar í íslensku. Til þess að sannreyna þetta voru tengsl háttanotkunar við enskunotkun þátttakenda skoðuð sérstaklega. Þetta verður rætt í köflum 6.4. og 6.5.

6.3. Mat á háttanotkun í vefkönnun miðað við aldur

Í vefkönnuninni var m.a. spurt um mat þátttakenda á ýmsum setningum. Nokkrar þessara setninga náðu til notkunar á viðtengingarhætti og framsöguhætti í ólíku málfræðilegu umhverfi. Hér verður fjallað nánar um þessar prófsetningar og mat þátttakenda á þeim. Líkt og fram kom í kafla 6.1. kom fyrir að þátttakendur hættu að svara eftir að hafa byrjað á könnuninni. Þegar komið var að spurningum um háttanotkun voru 1.532 þátttakendur enn virkir. Niðurstöður í þessum hluta eru miðaðar við þessa tölu þar sem þátttakendur skiptust í eftirfarandi aldurshópa, sjá (35):

(35)

| | |
|-------------------|-------------|
| - 13-15 ára | Fjöldi: 247 |
| - 16-20 ára | Fjöldi: 180 |
| - 21-30 ára | Fjöldi: 147 |
| - 31-45 ára | Fjöldi: 315 |
| - 46-55 ára | Fjöldi: 274 |
| - 56-65 ára | Fjöldi: 206 |
| - Eldri en 65 ára | Fjöldi: 163 |

Í vefkönnuninni voru tveir spurningaflokkar um háttanotkun (sjá mynd 10). Sá fyrri innihélt fjórar setningar með hefðbundinni háttanotkun en sá seinni fjórar nýjungar í háttanotkun. Alls voru því átta setningar sem tóku til háttanotkunar lagðar fyrir í könnuninni. Þar af fékk hver þátttakandi eina prófsetningu, annað hvort eina hefðbundna setningu eða eina nýjung. Þetta merkir jafnframt að þátttakendur fengu ekki allir nákvæmlega sömu setningarnar. Prófssetningar voru eftirfarandi (athugið að samhengissetningar fylgdu til að auðvelda túlkun. Prófssetningar eru skáletraðar). Dæmi merkt a. standa fyrir hefðbundna háttanotkun en b. stendur fyrir nýjung:

Mynd 10. Prófssetningar úr vefkönnun: Hefðbundin háttanotkun og nýjungar

| | |
|-------------|--|
| 1.a. | María er ekki á skrifstofunni eins og vanalega. <i>Ég held að hún sé í útlöndum.</i> |
| 1.b. | María er ekki á skrifstofunni eins og vanalega. <i>Ég held að hún er í útlöndum.</i> Álitssögnin <i>halda</i> kallar á viðtengingarhátt skv. málhefð. |
| 2.a. | Aron er örugglega ekki í vinnunni. <i>Ég veit að hann er heima.</i> |
| 2.b. | Aron er örugglega ekki í vinnunni. <i>Ég veit að hann sé heima.</i> Staðreyndasögnin <i>vita</i> kallar á framsöguhátt skv. málhefð. |
| 3.a. | Það er grillveisla hjá Siggum um helgina. <i>Ég vona að Jón verði þar.</i> |
| 3.b. | Það er grillveisla hjá Siggum um helgina. <i>Ég vona að Jón verður þar.</i> Álitssögnin <i>vona</i> kallar á viðtengingarhátt skv. málhefð. |
| 4.a. | Jón fótbrotnaði í skíðaferðinni. <i>Ég veit ekki hvort hann fer suður með næstu vél.</i> |
| 4.b. | Jón fótbrotnaði í skíðaferðinni. <i>Ég veit ekki hvort hann fari suður með næstu vél.</i> Tengingin <i>hvort</i> kallar á framsöguhátt skv. málhefð. |

Þátttakendur voru beðnir um að meta hversu eðlilegar eða óeðlilegar setningarnar væru á eftirfarandi fimm punkta skala, sbr. (36):²³

(36)

- Mjög óeðlileg
- Frekar óeðlileg
- Hvorki óeðlileg né eðlileg
- Frekar eðlileg
- Alveg eðlileg


Næst verður rætt um niðurstöður og mat þátttakenda á háttanotkun í ólíkum prófssetningum.

²³ Athugið að þátttakendur höfðu einnig val um að sleppa spurningunum sem komu fyrir.

6.3.1. Niðurstöður og greining: Hefðbundin háttanotkun

Niðurstöður sýna að almennt samþykkir hátt hlutfall þátttakenda í öllum aldurshópum hefðbundna háttanotkun. Í setningum í flokki a. (sbr. mynd 10 hér fyrir ofan) er samþykkishlutfall frá um 70% og allt að 100% (ef valmöguleikarnir „alveg eðlileg“ og „frekar eðlileg“ eru taldir saman). Samþykkishlutfall virðist almennt vera óháð aldri enda fá allar setningarnar góða dóma í öllum aldurshópum. Í Viðauka B má sjá samþykkishlutföll þátttakenda úr öllum aldurshópum fyrir hefðbundnu prófsetningarnar. Sú setning sem hefur hefðbundna háttanotkun en sýnir mestan mun á milli aldurshópanna er setning 4.a., *Ég veit ekki hvort hann fer suður með næstu vél.* Þetta er sýnt á mynd 11:

Mynd 11. Mat þátttakenda á prófsetningu 4.a.



Samkvæmt málhefð ætti tengingin *hvort* að kalla fram framsöguhátt í aukasetningu líkt og gerist í þessari prófsetningu. Niðurstöður á mati þessarar setningar eru því athyglisverðar af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er óvenju mikill munur á samþykkishlutfalli aldurshópanna. 46 ára og eldri þátttakendum þykir setningin alveg


eða frekar eðlileg í yfir 90% tilvika (og er því í samræmi við málhefð). Fólk á aldrinum 31-45 ára er aðeins óákveðnara og gefur setningunni um 79% samþykki. Hjá yngsta fólkinu, á aldrinum 13-30 ára, fær setningin hins vegar aðeins um 65-70% samþykkishlutfall (ef valmöguleikarnir „alveg eðlileg“ og „frekar eðlileg“ eru taldir saman). Þar munar því um rúm 20% á milli yngstu og elstu þátttakenda sem er óvenju mikið í samanburði við hinar hefðbundnu setningarnar. Enn fremur er athyglisvert að um 15% og allt að 30% þátttakenda á aldrinum 13-45 ára þykir setningin frekar eða mjög óeðlileg. Þetta styður niðurstöður Guðrúnar Þórðardóttur (2012) sem sýndi fram á að notkun viðtengingarháttar með tengingunni *hvort* hefur sótt mjög á á síðustu árum. Þessar niðurstöður gefa til kynna að málhefðin sé að breytast í *hvort*-setningum þar sem framsöguháttur er ekki jafn sjálfgefinn og áður.

Almennt gáfu niðurstöður hefðbundinna prófsetninga í flokki a. því til kynna að viðtengingarháttur sé síður en svo horfinn, enda fær hann hátt samþykkishlutfall í þeim setningum sem taka viðtengingarhátt skv. málhefð. Þær benda þó einnig til að e.t.v. sé að verða breyting á háttanotkun þar sem hún er ekki jafn ótvíræð og áður og yngri málnotendur virðast vera í meiri vafa um val á viðtengingarhætti og framsöguhætti en eldri málnotendur.

6.3.2. Niðurstöður og greining: Nýjungar í háttanotkun

Næst verður fjallað um mat þátttakenda á setningum í flokki b. (sbr. mynd 10 hér ofar) en þær voru óhefðbundnar og sýndu nýjungar í háttanotkun. Í Viðauka C má sjá samþykkishlutföll þátttakenda úr öllum aldurshópum fyrir óhefðbundnu setningarnar. Aldurshóparnir höfðu nokkuð ólíkar skoðanir á þessum setningum. Allar fengu þær hærra samþykkishlutfall hjá yngra fólki en því eldra sem bendir til að nýjungar og tilbrigði í háttanotkun séu að aukast. Samt sem áður var samþykkishlutfall almennt ekki hátt (enda er um óhefðbundna setningagerð að ræða). Jákvætt mat, eða samþykkishlutfall hverrar setningar, má sjá á mynd 12 (þar sem valmöguleikarnir „alveg eðlileg“ og „frekar eðlileg“ hafa verið flokkaðir saman). Óhefðbundnu prófsetningarnar eru fyrir neðan línuritið á myndinni til upprifjunar:

Mynd 12. Jákvætt samþykkishlutfall allra aldurshópa á prófsetningum 1.b.-4.b.



- 1.b. María er ekki á skrifstofunni eins og vanalega. *Ég held að hún er í útlöndum.*
- 2.b. Aron er örugglega ekki í vinnunni. *Ég veit að hann sé heima.*
- 3.b. Það er grillveisla hjá Siggu um helgina. *Ég vona að Jón verður þar.*
- 4.b. Jón fótbrotnaði í skíðaferðinni. *Ég veit ekki hvort hann fari suður með næstu vél.*


Hlutfall þeirra sem samþykkja þessar setningar lækkar eftir hækkandi aldri þátttakenda. Þessar tölur bera því vitni um ákveðnar breytingar þar sem yngra fólk er líklegra til að samþykkja nýjungar í háttanotkun en það eldra. Enn fremur er ljóst að tvær setningar skera sig úr. Í fyrsta lagi er það setning 4.b. (gula línan) sem fær mun hærra samþykkishlutfall en aðrar setningar í öllum aldurshópum, þó sér í lagi hjá yngstu hópunum. Sú setning inniheldur tenginguna *hvort* en líkt og rætt var í kafla 4.4. er háttanotkun með þeirri tengingu nú mjög á reiki.

Í öðru lagi vekur athygli að setning 3.b. (gráa línan) fær óvenju jákvæða dóma hjá fólki á aldrinum 13-20 ára. Þetta er athyglisvert þar sem sögnin *vona* táknar ekki staðreynd heldur eitthvað sem er óvíst. Slíkar sagnir ættu að taka með sér viðtengingarhátt í aukasetningu en líkt og kom fram í kafla 4 táknar hann gjarnan óvissu eða eitthvað óraunverulegt. Aftur á móti virðist hátt hlutfall þátttakenda samþykkja

framsöguhátt í þessu umhverfi. Þó ber að nefna að mikill meirihluti samþykkti líka hefðbundna tilbrigðið, þ.e. setningu 3.a.

Prófsetning 1.b. (bláa línan), *Ég held að hún er í útlöndum*, er af svipuðu tagi og setning 3.b. en þær standa báðar með álitssögn (*halda/vona*). Setning 1.b. fær allt að 32% samþykki hjá fólki á aldrinum 13-30 ára. Hér er umtalsverður munur á milli aldurshópa en samþykkishlutfall lækkar mikið hjá þátttakendum sem eru eldri en 30 ára. Í setningu 1.b. er um að ræða sögnina *halda* sem tjáir eitthvað óljóst og ætti því að taka viðtengingarhátt í aukasetningu. Hún gerir það hins vegar ekki í þessu tilfalli. Þetta gefur til kynna að yngra fólk sé mun líklegra til að nota framsöguhátt í aðstæðum þar sem viðtengingarháttur var áður ráðandi. Af þessum niðurstöðum er e.t.v. hægt að draga þá ályktun að viðtengingarhátturinn sé að láta undan og veiklast í íslensku þar sem hann verður sjaldgæfari í máli yngstu málnotendanna. Ef sú væri raunin ættum við hins vegar ekki að búast við niðurstöðunum fyrir setningu 2.b. (appelsínugula línan), *Ég veit að hann sé heima*. Þar er um að ræða setningu sem skv. málhefð ætti að standa í framsöguhætti (þar sem *vita* er staðreyndasögn). Hún birtist aftur á móti í viðtengingarhætti. Allt að fjórðungur þátttakenda upp að 20 ára aldri samþykkir setninguna. Hún fær hins vegar afar slaka dóma hjá öllum öðrum þátttakendum sbr. mynd 13:

Mynd 13. Jákvætt samþykkishlutfall allra aldurshópa á prófsetningu 2.b.



Af þessu er auðséð að yngstu málnotendurnir eru sannarlega ekki að tapa viðtengingarhættinum. Þvert á móti eru þeir líklegri en eldra fólk til að nota hann í aðstæðum þar sem viðtengingarháttur ætti ekki að birtast skv. hefð. Þeir virðast líka vera líklegri en aðrir til að samþykkja framsöguhátt þar sem viðtengingarháttur ætti að standa skv. málhefð. Þessar niðurstöður styðja því niðurstöður fyrri rannsókna sem hafa sýnt fram á aukinn breytileika í háttanotkun hjá yngri málnotendum (sbr. HP, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson, 2013, 2015, 2017; Guðrún Þórðardóttir, 2006, 2012). Í næsta kafla verður fjallað um tengsl háttavals og enskunotkunar.

6.4. Tengsl háttanotkunar og ílags á ensku

Markmið þessa hluta rannsóknarinnar er að kanna hvort aukið ílag á ensku geti haft áhrif á þær íslensku formgerðir sem þegar eru markaðar í málinu. Til þess eru tengsl háttanotkunar við enskunotkun skoðuð. Hér er miðað við þá kenningu að enskuáreiti hafi aukist á kostnað þess íslenska. Ef ílag á íslensku verður of lítið gæti það orðið til þess að málhafar ná ekki fullnægjandi tókum á flóknum eða sjaldgæfum formgerðum í málinu. Til að kanna þetta eru sömu prófsetningar um háttanotkun skoðaðar (sjá mynd 10), en nú í samhengi við enskunotkun þátttakenda. Að þessu sinni eru þátttakendur innan sama aldurshóps bornir saman í því skyni að kanna hvort nýjungar í háttanotkun hafi tengsl við enskunotkun. Ef þeir sem nota mikla ensku eru í meiri vafa um val á framsöguhátti og viðtengingarhátti en aðrir gæti það verið vísbending um að einhver tengsl séu á milli enskunotkunar og háttavals í íslensku.

Ætlunin er að gera greinarmun á þeim sem verða fyrir miklu enskuáreiti andstætt þeim sem nota ensku lítið. Því var ákveðið að gefa þátttakendum stig m.t.t. hvernig þeir svöruðu spurningum um enskunotkun (sbr. kafla 6.1.). Stigagjöf má sjá í (37):

(37)

- | | |
|---------------------------------|--------|
| - Daglega | 2 stig |
| - Nokkrum sinnum í viku | 1 stig |
| - Nokkrum sinnum í mánuði | 0 stig |
| - Á 2-6 mánaða fresti | 0 stig |
| - Sjaldnar en á 6 mánaða fresti | 0 stig |

Þar sem um 4 undirspurningar er að ræða (þ.e. tal, hlustun, lestur og ritun) gat hver þátttakandi alls fengið 8 stig en minnst 0 stig. Stigafjöldi þátttakenda (óháð aldri) má sjá á mynd 14:

Mynd 14. Enskunotkun þátttakenda metin með stigagjöf

| Stigafjöldi | Þátttakendafjöldi |
|---|-------------------|
| 0 | 167 |
| 1 | 90 |
| 2 | 155 |
| 3 | 171 |
| 4 | 228 |
| 5 | 195 |
| 6 | 223 |
| 7 | 122 |
| 8 | 199 |
| Vildi ekki svara neinum spurningum um enskunotkun | 17 |
| ALLS | 1567 |

Ákveðið var að til að flokkast með „mikla enskunotkun“ þyrftu þátttakendur að tala, skrifa, lesa og hlusta á ensku á hverjum degi eða nokkrum sinnum í viku að meðaltali. Þátttakendur þyrftu með öðrum orðum að nota ensku á öllum fjórum sviðum nær daglega. Eftirfarandi mörk voru því sett til að skipta þátttakendum í tvo hópa eftir umfangi eða magni enskunotkunar, sbr. (38):

(38)

- Mikið ílag á ensku: 6-8 stig
- Lítið ílag á ensku: 0-5 stig

Þegar tillit er tekið til aldurs kemur í ljós að yngra fólk er mun stigahærra sem merkir að það notar mun meiri ensku en það eldra (líkt og þegar hefur komið fram í köflum 6.1. og 6.2.). Á mynd 15 má sjá hlutfall í hverjum aldurshópi þar sem greint er á milli mikillar og lítillar enskunotkunar:

Mynd 15. Hlutfallsleg skipting aldurshópa m.v. mikla/litla enskunotkun

| Aldurshópur | Lítill enskunotkun | Mikil enskunotkun |
|-----------------|--------------------|-------------------|
| 13-15 ára | 49,4% | 50,6% |
| 16-20 ára | 42,9% | 57,1% |
| 21-30 ára | 49% | 51% |
| 31-45 ára | 59% | 41% |
| 46-60 ára | 78,1% | 21,9% |
| 61 árs og eldri | 93,4% | 6,6% |

Tölurnar á þessari mynd sýna að þátttakendur á aldrinum 13-30 ára skiptast nær jafnt í hópa þar sem helmingur þeirra notar ensku mikið en helmingur notar hana lítið sé miðað við þessa stigagjöf. Þar af er notkunin mest hjá 16-20 ára þátttakendum þar sem 57,1% flokkast með mikla enskunotkun. Hjá eldri hópunum flokkast meirihluti með litla enskunotkun og hjá elstu þátttakendum er nær enginn sem notar mikla ensku miðað við þessa stigagjöf (eða 6-8 stig).

Líkt og komið hefur fram í fyrri köflum notar yngra fólk meiri ensku en aðrir þátttakendur. Af því leiðir að yngra fólk hlýtur að meðaltali að vera stigahærra en aðrir í þessari greiningu. Þar að auki hafa niðurstöður þessarar rannsóknar sýnt að yngra fólk er líklegra en aðrir til að samþykkja nýjungar í háttanotkun. Því er e.t.v. ekki raunhæft að meta háttanotkun með tilliti til stigafjölda án þess að gera greinarmun á aldurshópum. Því var ákveðið að bera saman þátttakendur innan sama aldurshóps í því skyni að kanna tengsl enskunotkunar við háttanotkun. Næstyngsti hópurinn, þ.e. þátttakendur á aldrinum 16-20 ára, var skoðaður sérstaklega. Hópaskiptingin varð eftirfarandi, sbr. (39):²⁴

(39)

- Mikil enskunotkun (6-8 stig): 105 þátttakendur
- Lítill enskunotkun (0-5 stig): 79 þátttakendur

²⁴ Einn þátttakandi var útilokaður í þessari greiningu þar sem hann svaraði engum spurningum um enskunotkun.

Í þessum aldurshópi er enskunotkun hvað mest en 57,1% þátttakenda flokkast með „mikla enskunotkun“ (sbr. mynd 15). Aðgreining í hópa er raunar nokkuð ströng en til að flokkast með mikla enskunotkun verða þátttakendur að tala, skrifa, lesa eða hlusta á ensku daglega eða nokkrum sinnum í viku að meðaltali (sbr. stigagjöf í dæmi (38)). Í því ljósi er umfang enskunotkunar í þessum aldurshópi athyglisvert.

Næst verður fjallað um möguleg tengsl enskunotkunar og háttavals í íslensku þar sem sérstök áhersla er lögð á 16-20 ára þátttakendur í vefkönnuninni.


6.4.1. Háttanotkun 16-20 ára þátttakenda m.t.t. enskunotkunar

Í þessum kafla verður fjallað um háttanotkun þátttakenda á aldrinum 16-20 ára þar sem greinarmunur er gerður á enskunotkun þeirra. Líkt og hér hefur komið fram fékk hver þátttakandi eina prófsetningu af átta mögulegum um háttanotkun (sbr. prófsetningar á mynd 10). Þegar þátttakendum hefur verið skipt eftir aldri og enskunotkun gefur auga leið að hver prófsetning fékk ekki mjög marga dóma. Því var ákveðið að skoða ekki hverja prófsetningu fyrir sig heldur setningaflokkana í heild, þ.e. hefðbundnar setningar annars vegar og nýjungar eða óhefðbundnar setningar hins vegar.

Hvað hefðbundna háttanotkun varðar fær hún almennt hátt samþykkishlutfall hjá báðum hópunum. Innbyrðis er því afar lítil munur á samþykkishlutfalli miðað við enskunotkun. Þegar óhefðbundnu setningarnar (sbr. setningar í flokki b. á mynd 10) eru svo skoðaðar kemur fram örlítill munur þar sem þeir sem nota mikla ensku virðast líklegri til að samþykkja nýjungar en aðrir. Á mynd 16 má sjá mat þátttakenda á óhefðbundnu setningunum:²⁵

²⁵ Hér er ekki gerður greinarmunur á tilbrigðasetningunum fjórum (sbr. mynd 10) heldur hafa dómur þátttakenda á þeim öllum verið taldir saman. Athugið að þetta graf sýnir ekki þá þátttakendur sem völdu að taka ekki afstöðu til setninganna.

Mynd 16. Mat 16-20 ára þátttakenda á óhefðbundnum setningum m.t.t. enskunotkunar



Þessar tölur gefa til kynna að þeir sem nota mikla ensku meta óhefðbundnu setningarnar „alveg eðlilegar“ í tæpum 31% tilfella, andstætt rúmum 16% þeirra sem nota ensku minna. Að sama skapi eru þeir sem nota litla ensku líklegri til að hafna óhefðbundnum setningum en í þeim hópi telja tæp 35% þátttakenda að setningarnar séu „mjög óeðlilegar“. 23,6% þeirra sem nota mikla ensku hafna sömu setningum. Almennt gefur þetta til kynna að þeir sem nota mikla ensku séu líklegri til að samþykkja nýjungar í háttanotkun en þeir sem nota ensku lítið.

Sé miðað við þá sem þykir setningarnar alveg eðlilegar annars vegar og mjög óeðlilegar hins vegar kemur t.a.m. í ljós talsverður munur á milli hópanna tveggja. Sá munur er ómarktækur við marktæktarkröfu 0,05 en marktækur ef miðað er við kröfuna 0,10 ($p=0,075769$). Athugið að í þessari greiningu er ekki tekið tillit til hlutlausra þátttakenda eða þeirra sem þykja setningarnar frekar eðlilegar eða frekar óeðlilegar. Þessi munur er e.t.v. ekki svo mikill að hægt sé að fullyrða um áhrif ílags og áreitis á ensku á háttanotkun í íslensku. Þó eru þetta ákveðnar vísbendingar um að þeir Íslendingar sem nota ensku mikið séu e.t.v. í meiri vafa en aðrir um flókin málfræðileg atriði líkt og háttanotkun.

6.4.2. Háttanotkun 16-20 ára þátttakenda m.t.t. enskunotkunar: Öfgahópar

Til að skoða þetta enn frekar var 16-20 ára þátttakendum aftur skipt í hópa með tilliti til enskunotkunar. Að þessu sinni voru öfgahópar skoðaðir betur, þ.e. þeir sem nota **mjög mikla** ensku andstætt þeim sem nota hana **mun minna**. Til þess var þátttakendum skipt í eftirfarandi hópa, sbr. (40):


(40)

- Mjög mikil enskunotkun (8 stig): 38 þátttakendur
- Mjög lítill enskunotkun (0-4 stig): 42 þátttakendur

Til þess að flokkast með „mjög mikla enskunotkun“ urðu þátttakendur að nota ensku daglega á öllum fjórum sviðum málnotkunar (þ.e. tala, lesa, hlusta og skrifa á hverjum degi). Þeir sem flokkast með „mjög litla enskunotkun“ nota ensku aftur á móti ekkert eða nokkrum sinnum í viku á öllum fjórum sviðum.

Sem fyrr fær hefðbundin háttanotkun góða dóma hjá báðum hópum óháð enskunotkun. Töluvert meiri munur kemur fram á milli hópanna þegar óhefðbundnu setningar eru skoðaðar. Þetta er sýnt á mynd 17. Línuritið á myndinni sýnir sama mynstur og á mynd 16 þar sem þeir sem nota mjög mikla ensku eru töluvert líklegri til að samþykkja óhefðbundnar setningar en þeir sem nota litla ensku. Þegar aðeins er tekið tillit til öfgahópa (mjög mikil andstætt mjög lítilli enskunotkun) verða þessar tilhneigingar raunar enn meira afgerandi:

Mynd 17. Mat 16-20 ára þátttakenda á óhefðbundnum setningum m.t.t. enskunotkunar: Öfgahópar



Þátttakendur sem nota ensku mjög mikið meta óhefðbundnar setningar „alveg eðlilegar“ í um 41% tilfella, andstætt tæpum 17% hjá þeim sem nota ensku mjög lítið. Að sama skapi eru þeir sem nota mjög mikla ensku mun ólíklegri en aðrir til að hafna nýjungum. Í þessum hópi telja aðeins 4,5% þátttakenda að óhefðbundnu setningarnar séu „mjög óeðlilegar“. Tæp 39% þeirra sem nota mjög litla ensku hafna sömu setningum.


Sé miðað við þá sem þykir setningarnar alveg eðlilegar annars vegar og mjög óeðlilegar hins vegar kemur í ljós marktækur munur á milli hópanna tveggja. Sá munur er marktækur við marktæktarkröfu 0,05 ($p=0,00617$). Athugið að í þessari talningu er ekki tekið tillit til hlutlausra eða þeirra sem þykja setningarnar frekar eðlilegar eða frekar óeðlilegar.

Hér ber einnig að benda á hversu hátt hlutfall þeirra sem nota mikla ensku telur nýjungarnar „**frekar** óeðlilegar“ miðað við hversu lágt hlutfall þeirra telur setningarnar „**mjög** óeðlilegar“. Þeir sem nota litla ensku eru aftur á móti vissir í sinni sök enda telja mjög fáir að nýjungarnar séu „frekar óeðlilegar“. Hins vegar eru þeir sem nota litla ensku líklegri til að meta óhefðbundnu setningarnar „**frekar** eðlilegar“ miðað við hversu lágt

hlutfall þeirra telur setningarnar „mjög eðlilegar“. Það að velja „frekar“ en ekki „mjög“ bendir til óvissu í mati. Þetta gefur því til kynna að almennt ríki nokkur óvissa um háttanotkun í íslensku. Þessi óvissa er þó ekki sú sama hjá hópunum tveimur m.t.t. enskunotkunar. Þeir sem nota mikla ensku eru afdráttarlausari þegar kemur að því að meta nýjungar „mjög“ en ekki „frekar eðlilegar“. Þeir sem nota litla ensku eru svo afdráttarlausari þegar setningarnar þykja „mjög“ en ekki „frekar óeðlilegar“

Sérstaka athygli vekur að þeim mun meiri sem enskunotkun þátttakenda er, þeim mun líklegri virðast þeir vera til að samþykkja nýjungar. Þetta kemur í ljós ef hópurinn sem notar **mikla ensku** (sbr. mynd 16) er borinn saman við öfgahópinn sem notar **mjög mikla ensku** (sbr. mynd 17). Þeir sem nota mikla ensku samþykkja nýjungarnar í um 31% tilfella en öfgahópurinn sem notar mjög mikla ensku samþykkir þær í um 41% tilfella. Öfgahópurinn er sömuleiðis mun ólíklegri til að hafna nýjungum. Aðeins 4,5% þeirra sem nota ensku mjög mikið þykja nýjungarnar mjög óeðlilegar, andstætt tæpum 24% þeirra sem nota mikla ensku. Þetta er sýnt á mynd 18:

Mynd 18. Mat á óhefðbundnum setningum hjá þeim sem nota mikla eða mjög mikla ensku



Þeir sem nota mikla ensku eru líklegri en aðrir til að samþykkja nýjungar í háttanotkun. Þetta er því önnur vísbending um að fylgni sé á milli aukinnar enskunotkunar og breytileika í háttanotkun. Það styður e.t.v. kenningar um möguleg áhrif ensku á íslenska málfræði.

Í kafla 6.5. verður gefin samantekt um helstu niðurstöður vefkönnunarinnar.

6.5. Samantekt og niðurstöður úr vefkönnun

Niðurstöður rannsóknarverkefnisins sýna að enskunotkun er töluvert mikil á Íslandi. Um 75% fólks á aldrinum 21-30 ára les einhverja ensku á hverjum degi og 84% þeirra hlusta á hana daglega. Þessar tölur gefa raunar til kynna að meirihluti Íslendinga á þessum aldri lesi og/eða hlusti á ensku á hverjum einasta degi. Notkunin er minni hjá eldri þátttakendum en um 33% fólks sem er eldra en 65 ára hlustar á ensku á hverjum degi. 20% þeirra les hana svo daglega. Enskunotkun virðist því vera umtalsverð hjá Íslendingum á öllum aldri. Hún er hins vegar ekki sú sama á öllum sviðum. Hún fer að mestu fram með hlustun eða lestri og er því aðeins að litlu leyti virk (og þ.a.l. gjörólík hefðbundinni móðurmálsnotkun). Enskunotkun hér á landi uppfyllir því ekki kröfur um gæði (sjá dæmi (30)) skv. Krashen (1982) en til þess þarf virk notkun að vera umtalsverð. Niðurstöður sýna einnig að yngra fólk er líklegra en það eldra til að tala og skrifa ensku á hverjum degi. Þetta gefur til kynna að enskunotkun Íslendinga sé að breytast og verða virkari en áður (rétt eins og Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (2018) hafa spáð).

Hvað háttanotkun varðar sýna niðurstöður þessarar rannsóknar að málnotendur eru almennt jákvæðastir gagnvart hefðbundinni háttanotkun í íslensku. Þar af eru yngri málnotendur þó líklegri til að vera í vafa um setningar með hefðbundinni háttanotkun. Þetta staðfestir því niðurstöður fyrri rannsókna á þessu sviði (sjá t.d. HP, Ásgrím Angantýsson og Einar Frey Sigurðsson, 2015). Þá styðja niðurstöðurnar einnig kenningar Guðrúnar Þórðardóttur (2006, 2012) um að háttanotkun á eftir tengingunni *hvort* sé ekki eins ótvíræð og áður þar sem notkun á viðtengingarhætti eykst hjá yngri málnotendum. Hér kom einnig í ljós að yngri þátttakendur eru líklegri til að samþykkja nýjungar í

háttanotkun en þeir eldri í setningum þar sem ekki er farið eftir málhefð. Niðurstöðurnar vekja spurningar um orsök og eðli breytinga á háttanotkun í íslensku. Ef skilin á milli viðtengingarháttar og framsöguháttar verða sífellt óljósari er e.t.v. hætt á að markaða formdeildin (viðtengingarháttur) gefi að lokum eftir.

Í þessari ritgerð var þátttakendum á aldrinum 16-20 ára enn fremur skipt í tvo hópa með tilliti til enskunotkunar. Þar af flokkast meira en helmingur með „mikla enskunotkun“ eða um 57%. Í ljós kom að þeir sem nota mikla ensku eru líklegri en aðrir til að samþykkja nýjungar í háttanotkun (sá munur var marktækur við marktæktarkröfu 0,1). Þegar svokallaðir öfgahópar eru skoðaðir sérstaklega, þ.e. þeir sem nota ensku mjög mikið andstætt þeim sem nota hana mun minna, kemur enn meiri munur í ljós (en sá munur er marktækur við marktæktarkröfu 0,05). Þeir sem nota meiri ensku eru almennt líklegri til að samþykkja nýjungar í vali á framsöguhátti og viðtengingarhátti.

Háttanotkun og tengsl við ílag þyrfti að rannsaka betur í öðrum aldurshópum og með stærra úrtaki og því er ekki hægt að fullyrða um tengsl á milli ílags og háttanotkunar að svo stöddu. Niðurstöður gefa þó til kynna að þeir Íslendingar sem nota ensku mikið séu í meiri vafa en aðrir um flókin málfræðileg atriði líkt og háttanotkun. Þannig hefur aukin enskunotkun í íslensku málsamfélagi e.t.v. þau óbeinu áhrif að hraða málbreytingum sem þegar eru hafnar í íslensku. Meginniðurstaða þessa hluta rannsóknarinnar er í raun sú að venslin á milli enskunotkunar og háttavals í íslensku eru enn óljós en ýmislegt gefur til kynna að þau séu að aukast og verði sífellt meira afgerandi.

7. Lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið fjallað um aukin ítök ensku, bæði á Íslandi og á alþjóðavísu. Í kjölfar tæknibyltingar undanfarinna ára hefur enska náð aukinni útbreiðslu og yfirráðum á vissum sviðum, sér í lagi á vettvangi tækni og stafrænna miðla. Í kjölfarið hefur víða orðið til samfélagsleg krafa um enskufærni sem verður að gegna í því skyni að vera gjaldgengur neytandi á ýmsum sviðum. Dörnyei (2005) talar um kjörsjálf og skyldusjálfi í þessu samhengi og á þá við eiginleika sem einstaklingur vill eða telur að hann þurfi að búa yfir. Því má leiða líkur að því að nútímamaðurinn, bæði Íslendingar og aðrir, hafi í auknum mæli bæði kjörsjálfi og skyldusjálfi sem felst í því að vera fær enskunotandi.

Hingað til hefur enskunotkun Íslendinga að mestu farið fram á óvirkum vettvangi (Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2018). Hins vegar bendir margt til að notkunin sé að verða gagnvirkari og nái nú til yngra fólks en áður (Ásrún Jóhannsdóttir, 2010). Ef svo er endurspeglar enskunotkun eðlilegra, náttúrulegra og áhugaverðara ílag (eða kjörilag skv. Krashen, 1982, sjá dæmi (30)). Margir telja einmitt að ílag sé forsenda málbreytinga. Skortur á ílagi getur ekki síður skipt máli í umræðu um málbreytingar. Ef enskunotkun eykst á kostnað íslensku er e.t.v. hættu á að ákveðin málfræðileg atriði geti veiklast í kjölfarið á takmarkaðri notkun móðurmálsins. Þar sem ílag getur haft áhrif á málbreytingar má velja því fyrir sér hvort breytt ílag á Íslandi geti orðið til þess að hraða breytingum sem þegar eru hafnar í íslensku. Þar má t.a.m. nefna nýjungar í háttanotkun.

Markaðar málfræðilegar formgerðir (t.d. viðtengingarháttur) eru viðkvæmari gagnvart breytingum en aðrar. Viðtengingarháttur er t.a.m. horfinn úr flestum nágrannamálum íslensku. Nýlegar rannsóknir á íslensku hafa þó sýnt að viðtengingarháttur er ekki nauðsynlega á undanhaldi (Guðrún Þórðardóttir, 2006, 2012). Engu að síður er ljóst að breytingar hafa orðið á háttanotkun þar sem yngra fólk er nú líklegra en aðrir til að samþykkja nýjungar sem ekki samræmast málhefð. Í þessari ritgerð hefur verið fjallað sérstaklega um þessar nýjungar og möguleg tengsl þeirra við aukna enskunotkun. Aukin ítök ensku og möguleg áhrif á smá málsamfélög urðu kveikjan að rannsóknarverkefninu *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*.

Markmið rannsóknarverkefnisins er að rannsaka þær nýstárlegu aðstæður sem hér hafa verið ræddar og rannsakendur hafa kallað „málsambýli“ íslensku og ensku.

Þetta meistaraverkefni var liður í kortleggja aukna enskunotkun á Íslandi og kanna möguleg áhrif hennar, bein eða óbein, á íslenskt mál. Í því skyni hefur sérstaklega verið fjallað um vefkönnun sem send var á 3.500 Íslendinga á aldrinum 13-98 ára. Svarhlutfall var um 46%. Markmiðið með þessari ritgerð var annars vegar að kanna enskunotkun þátttakenda og hins vegar var ætlunin að kanna hvort þeir sem nota mikla ensku séu líklegri en aðrir til að samþykkja nýjungar í vali á framsöguhætti og viðtengingarhætti. Ef svo er, getur það verið vísbending um að enskunotkun geti haft áhrif á málbreytingar í íslensku.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að að enskunotkun á Íslandi er töluvert mikil. Þar af er hún mest hjá ungu fólki á aldrinum 16-30 ára. Hjá flestum fer enskunotkun hins vegar að miklu leyti fram með hlustun eða lestri og er því aðeins að litlu leyti virk. Yngstu þátttakendurnir eru þó líklegri en aðrir til að nota ensku á virkum vettvangi. Niðurstöðurnar gefa því einnig til kynna að enskunotkun Íslendinga sé að breytast og verða virkari en áður. Þessi rannsókn styður einnig niðurstöður eldri rannsókna á háttanotkun þar sem yngstu málnotendurnir eru líklegastir til að samþykkja nýjungar. Þá styðja niðurstöðurnar einnig við niðurstöður Guðrúnar Þórðardóttur (2006, 2012) um að háttanotkun á eftir tengingunni *hvort* sé ekki eins ótvíræð og áður þar sem notkun á viðtengingarhætti eykst hjá yngri málnotendum.

Þátttakendum á aldrinum 16-20 ára var enn fremur skipt í tvo hópa með tilliti til enskunotkunar. Í ljós kom að þeir sem nota mikla ensku eru líklegri en aðrir til að samþykkja nýjungar í háttanotkun en sá munur var marktækur við marktæktarkröfu 0,1. Þegar svokallaðir öfgahópar eru skoðaðir sérstaklega, þ.e. þeir sem nota ensku mjög mikið andstætt þeim sem nota hana mun minna, kemur enn meiri munur í ljós. Sá munur var marktækur við marktæktarkröfu 0,05. Þetta eru vísbendingar um að fylgni sé á milli aukinnar enskunotkunar og breytileika í háttavali.

Íslenska stendur frammi fyrir svokölluðum umdæmisvanda þar sem hún á það á hættu að tapa ákveðnum notkunarsviðum til ensku. Þessi vandi er nú umfangsmeiri en

nokkurn tímann áður en breyttar samfélagsaðstæður í kjölfar snjalltækjabyltingarinnar hafa haft mikil áhrif á málumhverfið á Íslandi. Íslenska er ekki gjaldgeng á öllum sviðum í íslensku samfélagi þar sem enska hefur hlotið aukið vægi á hennar kostnað. Afleiðingar málsambýlis af þessu tagi geta orðið umtalsverðar en í kjölfarið er hættu á að félagsleg staða móðurmálsins taki breytingum, bæði hjá íslenskum málhöfum og í íslensku málsamfélagi í heild. Þá er hættu á að notkunarsvið ensku aukist á kostnað íslensku sem þýðir að Íslendingar geta ekki notað móðurmál sitt á öllum sviðum í íslensku samfélagi.

Á þessu stigi er ómögulegt að vita hver áhrif þessarar þróunar á íslenskt málkerfi verða. Almennt gefur þessi rannsókn þó til kynna að fylgni sé á milli aukinnar enskunotkunar og nýjunga í háttanotkun. Þannig hefur breytt ílag og aukin enskunotkun í íslensku málsamfélagi e.t.v. þau óbeinu áhrif að hraða málbreytingum sem þegar eru hafnar í íslensku. Ef svo er, er slík hröðun líklega ekki einskorðuð við breytingar í háttanotkun. Síaukin notkun ensku getur því e.t.v. hraðað fjölmörgum málbreytingum sem þegar eru hafnar í íslensku og jafnvel orsakað breytingar á íslensku máli. Það mun skýrast þegar fram líða stundir, líklega fyrr en síðar.

Heimildaskrá

- Ambrose, S. E., M. Van Dam og M. P. Moeller. (2014). Linguistic input, electronic media, and communication outcomes in toddlers with hearing loss. *Ear and Hearing, 35*, 139-147.
- Ásrún Jóhannsdóttir. (2010). English in the 4th grade in Iceland. Exploring exposure and measuring vocabulary size of 4th grade students. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/007.pdf>.
- Benmamoun, E., S. Montrul og M. Polinsky. (2010). *Prolegomena to Heritage Linguistics*. Sótt af <https://scholar.harvard.edu/mpolinsky/publications/white-paper-prolegomena-heritage-linguistics>.
- Bergs, A. og L. Heine. (2010). Mood in English. Í Rothstein, B. og R. Thieroff (ritstj.), *Mood in the Languages of Europe* (103-116). Amsterdam: John Benjamins.
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2007). English in Iceland: second language, foreign language, or neither? Í Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (ritstj.), *Teaching and Learning English in Iceland* (51–78). Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur.
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2011). Exposure to English in Iceland: A Quantitative and Qualitative Study. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/004.pdf>.
- Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (ritstj.). (2018). *Language Development across the Life Span. The Impact of English on Education and Work in Iceland*. Cham, Sviss: Springer.
- Börnin tala saman á ensku í skólanum. (2017, 21. mars). *Mbl.is*. Sótt af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/03/21/tala_saman_a_ensku_i_skolanum/.
- Cairns, H. S., G. Schlisselberg, D. Waltzman og D. McDaniel. (2006). Development of a Metalinguistic Skill. Judging the Grammaticality of Sentences. *Communication Disorders Quarterly, 17*(4), 213-220.
- Chaudenson, R. (2001). *Creolization of Language and Culture*. London: Routledge.

- Chomsky, N. (1986). *Knowledge of Language: Its Nature, Origin and Use*. New York: Praeger.
- Christensen, T. K. og L. Heltoft. (2010). Mood in Danish. Í Rothstein, B. og R. Thieroff (ritstj.), *Mood in the Languages of Europe* (85-102). Amsterdam: John Benjamins.
- Corder, S. P. (1981). *Error Analysis and Interlanguage*. Oxford: Oxford University Press.
- Crystal, D. (2003). *English as a Global Language* (2. útg.). Cambridge: Cambridge University Press.
- Dovring, K. (1997). *English as a Lingua Franca: Global Talk in Global Persuasion*. Westport Connecticut: Praeger.
- Drude, S., Anton Karl Ingason, Ari Páll Kristinsson, Birna Arnbjörnsdóttir, Einar Freyr Sigurðsson, Eiríkur Rögnvaldsson, Iris Edda Nowenstein og Sigríður Sigurjónsdóttir. (2018). "Digital resources and language use: Expanding the EGIDS scale for language development into the digital domains." Proceedings of CinC 2017 (væntanlegt).
- Dörnyei, Z. (2005). *The psychology of the language learner: Individual differences in second language acquisition*. Mahwah, NJ: Lawrence Erlbaum.
- Eide, K. M. (2010). Mood in Norwegian. Í Rothstein, B. og R. Thieroff (ritstj.), *Mood in the Languages of Europe* (56-70). Amsterdam: John Benjamins.
- Eiríkur Rögnvaldsson. (1992). Nema. *Íslenskt mál*, 14, 35-63.
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2014, 21. janúar). Hvað er máltækni og hvaða máli skiptir hún fyrir íslensku? Sótt af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=66671>.
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2016). Um utanaðkomandi aðstæður íslenskrar málþróunar. *Skírnir* vorhefti, 163, 17-31.
- Eiríkur Rögnvaldsson, Kristín M. Jóhannsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Steinþór Steingrímsson. (2012). Íslensk tunga á stafrænni öld. The Icelandic language in the digital age. Í Rehm, G. og H. Uszkoreit (ritstj.), *Meta-Net White Paper Series*. Berlín: Springer.

- Elín Þöll Þórðardóttir. (2014). The typical development of simultaneous bilinguals: Vocabulary, morphosyntax and language processing in two age groups of Montreal preschoolers. Í Paradis, J. og T. Grüter (ritstj.), *Input and Experience in Bilingual Development* (141–160). Amsterdam: John Benjamins.
- English Oxford Living Dictionaries. (e.d.). When to use the subjunctive. Sótt af <https://en.oxforddictionaries.com/grammar/when-to-use-the-subjunctive>.
- Fernald, A. og A. Weisleder. (2010). *Early language experience is vital to developing fluency in understanding*. Í Neuman, S. B. og D. K. Dickinson (ritstj.), *Handbook of Early Literacy Research* (3-19). New York: Guilford Publications.
- Gardner, R. C. og W. E. Lambert. (1959). Motivational variables in second language acquisition. *Canadian Journal of Psychology*, 13, 266-272.
- Gerður Guðmundsdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir. (2014). Undirbúningur framhaldsskólanemenda fyrir notkun ensku í háskólanámi. Námskrár og nýtt íslenskt málumhverfi. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2014/ryn/010.pdf>.
- Guðrún Þórðardóttir. (2006). Er notkun viðtengingarháttar að breytast? *Íslenskt mál*, 28, 57–77.
- Guðrún Þórðardóttir. (2012). *Viðtengingarháttur í sókn*. Um breytingar á háttanotkun í spurnarsetningum í nútíð með tengingunni *hvort* (MA-ritgerð). Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Hagstofa Íslands. (2009). Notkun heimila og einstaklinga af tölvum og neti 2009. Sótt af https://hagstofa.is/media/43533/hag_091007.pdf.
- Hagstofa Íslands. (2017). Iceland in figures 2017. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/nanar-um-utgafu?id=58287>.
- Hale, M. (2007). *Historical Linguistics: Theory and Method*. Oxford: Blackwell Textbooks in Linguistics, Blackwell Publishing.
- Hart, B. og T. Risley. (1999). *The Social World of Children: Learning to Talk*. Baltimore, MD: Brookes.

- Hu, M. og P. Nation. (2000). Unknown Vocabulary Density and Reading Comprehension. *Reading in a Foreign Language*, 13(1), 403-430.
- Hudson S., P. Levickis, K. Down, R. Nicholls og M. Wake. (2015). Maternal responsiveness predicts child language at ages 3 and 4 in a community-based sample of slow-to-talk toddlers. *International Journal of Language & Communication Disorders*, 50, 136–142.
- Höskuldur Þráinsson. (2005). *Setningar. Handbók um setningafræði. Íslensk tunga, III. bindi*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Höskuldur Þráinsson. (2006). *Handbók um málfræði*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason. (1986). Um skagfirsku. *Íslenskt mál*, 8, 31-60.
- Höskuldur Þráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris S. Hansen. (2004). *Faroese: an overview and reference grammar*. Tórshavn: Føroya Fróðskaparfelag.
- Höskuldur Þráinsson, Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. (2013). Hvert stefnir í íslenski setningagerð? Um samtímalegar kannanir og málbreytingar. *Íslenskt mál*, 35, 57–127.
- Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). (2013). *Tilbrigði í íslenski setningagerð, I. Markmið, aðferðir og efniviður*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). (2015). *Tilbrigði í íslenski setningagerð, II. Helstu niðurstöður. Tölfræðilegt yfirlit*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). (2017). *Tilbrigði í íslenski setningagerð, III. Sérathuganir*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Iris Edda Nowenstein. (2014). *Tilbrigði í frumlagsfalli á máltökuskeiði. Þágufallshneigð og innri breytileiki (MA-ritgerð)*. Reykjavík: Háskóli Íslands.

- Íslendingar nota Facebook næstmest. (2013, 18. apríl). *RÚV*. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/islendingar-nota-facebook-naestmest>.
- Jóhannes B. Sigtryggsson. (2011). *Handbók um íslensku*. Reykjavík: JPV.
- Jón G. Friðjónsson. (1978). *A course in modern Icelandic III*. Reykjavík: Skák.
- Jón G. Friðjónsson. (1989). *Samsettar myndir sagna*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón G. Friðjónsson. (2003). Íslenskt mál – 16. þáttur. *Morgunblaðið*, (331), 52. Sótt af http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=251966&pageId=3488101&lang=is&q=J%F3n%20Fri%F0j%F3nsson.
- Karítas Hrundar Pálsdóttir. (2017). *Íslenska og japanska. Um málfræðikennslu íslensku og japönsku sem annars máls á Íslandi og í Japan* (BA-ritgerð). Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Kormis, J. og K. Csizér. (2008). Age-related differences in the motivation of learning English as a foreign language: Attitudes, selves and motivated learning behavior. *Language Learning*, 58, 327-355.
- Kornai, A. (2013). Digital Language Death. *PLoS ONE*, 8(10): e77056. doi: 10.1371/journal.pone.0077056.
- Krashen, S. (1982). *Principles and practice in second language acquisition*. Oxford: Pergamon Press.
- Kristján Árnason. (1981). Um merkingu viðtengingarháttar í íslensku. *Afmælikveðja til Halldórs Halldórssonar 13. júlí 1981* (154-172). Reykjavík: Íslenska málfræðifélagið.
- Kristján Árnason. (2001). Málstefna 21. aldar. *Málfregnir*, 11, 3–9.
- Kristján Árnason. (2005). Íslenska og enska: Vísir að greiningu á málvistkerfi. *Ritið: tímarit Hugvísindastofnunar*, 5(2), 99-140.
- Lewis, M. P. og G. F. Simons. (2010). Assessing endangerment: expanding Fishman's GIDS. *Revue Roumaine de Linguistique*, 55(2), 103–120.

- Lightfoot, D. (2006). *How New Languages Emerge*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Linda Björk Markúsardóttir. (2015, 14. apríl). „Ég kann þetta ekkert á íslensku“. *Vísir*. Sótt af <http://www.visir.is/-eg-kann-thetta-ekkert-a-islensku-/article/2015704149993>.
- Margrét Guðmundsdóttir. (2008). Málbreytingar í ljósi málkunnáttufræði. *Íslenskt mál*, 30, 7–52.
- McMahon, A. M. S. (1994). *Understanding Language Change*. Cambridge: Cambridge University Press.
- MMR. (2016). Íslendingar snjallsímavæddir. Sótt af <https://mmr.is/frettir/birtar-nieurstoeeur/552-islendingar-snjallsimavaeddir>.
- Modeling the Linguistic Consequences of Digital Language Contact. (e.d.). About. Sótt af <http://molicodilaco.hi.is/>.
- Nation, I. (2006). How Large a Vocabulary is Needed For Reading and Listening? *Canadian Modern Language Review/ La Revue canadienne des langues vivantes*, 63(1), 59–82.
- Naylor, M. (2017). „I said up my job yesterday“. *Samræmast viðhorf Íslendinga til eigin enskufærni raunveruleikanum?* (MA-ritgerð). Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Paradis, J. og T. Grüter. (2014). Introduction to “Input and experience in bilingual development.” Í Paradis, J. og T. Grüter. (ritstj.), *Input and Experience in Bilingual Development* (1–14). Amsterdam: John Benjamins.
- Paribakht, T. S. og M. B. Wesche. (1999). Reading and "incidental" L2 vocabulary acquisition: An introspective study of lexical inferencing. *Studies in Second Language Acquisition*, 21(2), 195–224.
- Pearson, B., S. Fernández, V. Lewedag og D. Kimbrough Oller. (1997). Input factors in lexical learning of bilingual infants (ages 10–30 months). *Applied Psycholinguistics*, 18, 41–58.

- Place, S. og E. Hoff. (2011). Properties of Dual Language Exposure that Influence Two-Year-Olds' Bilingual Proficiency. *Child Development*, 82(6), 1834-1849.
- Polinsky, M. (1994). Structural dimensions of first language loss. *Chicago Linguistic Society*, 30, 257-76.
- Rehm, G. og H. Uszkoreit. (2013). An Extended Summary of the META-NET Strategic Research Agenda for Multilingual Europe 2020. Í Stickel, G. og T. Varadi (ritstj.), *Lexical Challenges in a Multilingual Europe. Contributions to the Annual Conference 2012 of EFNIL in Budapest (179-197)*. Frankfurt/Berlín/Bern: Peter Lang Publishing.
- Rothstein, B. og R. Thieroff. (2010). Moods, moods, moods. Í Rothstein, B. og R. Thieroff (ritstj.), *Mood in the Languages of Europe (1-29)*. Amsterdam: John Benjamins.
- Sankoff, G. (2004). Adolescents, young adults and the critical period: Two case studies from "Seven Up". Í Ford, C. (ritstj.), *Language Development: The lifespan perspective (121-139)*. Oxford: OUP.
- Sankoff, G. og H. Blondeau. (2007). Language change across the lifespan: /r/ in Montreal French. *Language*, 83(3), 560-588.
- Schmid, M. S. (2011). *Language Attrition*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Schmid, M. S. og B. Köpke. (2007). Bilingualism and attrition. Í Köpke, B., M. S. Schmid, M. Keijzer og S. Dostert (ritstj.), *Language Attrition: Theoretical Perspectives (1-8)*. Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins.
- Seidlhofer, B. (2005). English as a lingua franca. *ELT Journal*, 59(4), 339-341.
- Seidlhofer, B. (2011). *Understanding English as a Lingua Franca*. Oxford: Oxford University Press.
- Sigríður Mjöll Björnsdóttir. (2014). „Hún er svo montin af að vera íslenskt“. *Fallmörkun og samræmi í vesturíslensku erfðarmáli (MA-ritgerð)*. Reykjavík: Háskóli Íslands.

- Sigríður Sigurjónsdóttir. (2013). Máltaka barna og meðfæddur málhæfileiki. Í Höskuldur Þráinsson og Matthew Whelpton (ritstj.), *Chomsky: Mál, sál og samfélag* (107-127). Reykjavík: Hugvísindastofnun og Háskólaútgáfan.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. (2016). Snjalltækjavæðingin og máltaka íslenskra barna. *Hugrás, vefrit Hugvísindasviðs*. Sótt af <http://hugras.is/2016/08/snjalltaekjavaedingin-og-maltaka-islenskra-barna/>.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. (2017). Nýja þolmyndin nú og þá. Samanburður tveggja kannana. Í Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.), *Tilbrigði í íslenskri setningagerð III. Sérathuganir* (241-272). Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling. (2001). „Það var hrint mér á leiðinni í skólann“: Þolmynd eða ekki þolmynd? *Íslenskt mál*, 23, 123–180.
- Sigríður Sigurjónsdóttir, Anton Karl Ingason, Ásgrímur Angantýsson, Eiríkur Rögnvaldsson, Iris Edda Nowenstein og Sigríður Mjöll Björnsdóttir. (2017, 5. september). *Language contact without contact: A nationwide study of digital minoritization*. Erindi flutt á ráðstefnunni DiGS 19 workshop, Stellenbosch, S-Afríku.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. (í prentun). Íslenska á tölvuöld. Í Höskuldur Þráinsson og Hans Andriás Sølvará (ritstj.), *Frændafundur 9*. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Silja Björk Huldudóttir. (2006, 23. janúar). Undirstöður tungumálsins að bresta. *Mbl.is*. Sótt af <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1062343/>.
- Statista. (2018). Active social media penetration in European countries in January 2018. Sótt af <https://www.statista.com/statistics/295660/active-social-media-penetration-in-european-countries/>.
- UNESCO Ad Hoc Expert Group on Endangered Languages. (2011). UNESCO's Language Vitality and Endangerment Methodological Guideline: Review of Application and Feedback since 2003. Sótt af

http://www.unesco.org/new/fileadmin/MULTIMEDIA/HQ/CI/CI/pdf/unesco_language_vitaly_and_endangerment_methodological_guideline.pdf.

Van der Wurff, W. (1995). Language contact and syntactic change: Some formal linguistic diagnostics. Í Fisiak, J. (ritstj.), *Trends in Linguistics. Linguistic Change under Contact Conditions* (383-420). Berlín/New York: Mouton de Gruyter.

Webb, S. (2010). Using glossaries to increase the lexical coverage of television programs. *Reading in a Foreign Language*, 22(1), 201-221.

Yang, C. (2002). *Knowledge and Learning in Natural Language*. Oxford: Oxford University Press.

Yang, C. (2016). *The Price of Linguistic Productivity. How Children Learn to Break the Rules of Language*. Cambridge: The MIT Press.

Yashima, T. (2002). Willingness to communicate in a second language: The Japanese EFL context. *Modern Language Journal*, 86, 54-66.

Viðauki A


Spurningar Q27-Q30 úr vefkönnun þar sem þátttakendur voru beðnir um að meta hversu oft þeir tala, lesa, skrifa eða hlusta á ensku:

- Q27.** Áætlaðu gróflega hversu oft að meðaltali þú talar ensku. Spurningin á við allt frá stuttu spjalli við ferðamenn til langra samræðna á ensku – hvort sem það er í eigin persónu, í síma eða í gegnum tölvuleiki, forrit á borð við Skype, Snapchat o.s.frv.
- Q28.** Áætlaðu gróflega hversu oft að meðaltali þú hlustar á talaða ensku. Spurningin á við allt frá stuttu spjalli við ferðamenn til langra samræðna á ensku - hvort sem það er í eigin persónu, í síma eða í gegnum tölvuleiki, forrit á borð við Skype, Snapchat o.s.frv. Spurningin tekur líka til hlustunar á sjónvarps-, útvarps- og hlaðvarpsþætti (e. podcast), hljóðbækur og annað sambærilegt. Hér er þó ekki átt við tónlist sem flutt er á ensku.
- Q29.** Áætlaðu gróflega hversu oft að meðaltali þú lest texta á ensku. Hér er átt við allt frá skilaboðum í forritum eins og Messenger og stuttum textum á samfélagsmiðlum til lesturs bóka og blaðagreina.
- Q30.** Áætlaðu gróflega hversu oft að meðaltali þú skrifar texta á ensku. Hér er átt við allt frá skilaboðum í forritum eins og Messenger og stuttum textum á samfélagsmiðlum til ritgerða og lengri texta.


Viðauki B

Prófsetningar (sjá mynd 10) úr vefkönnun þar sem þátttakendur lögðu mat á setningar með hefðbundinni háttanotkun:


Mynd 19. Mat þátttakenda á prófsetningu 1.a.




Mynd 20. Mat þátttakenda á prófsetningu 2.a.



Mynd 21. Mat þátttakenda á prófsetningu 3.a.




Mynd 22. Mat þátttakenda á prófsetningu 4.a.




Viðauki C

Prófsetningar (sjá mynd 10) úr vefkönnun þar sem þátttakendur lögðu mat á setningar með nýjuþingum í háttanotkun:


Mynd 23. Mat þátttakenda á prófsetningu 1.b.



Mynd 24. Mat þátttakenda á prófsetningu 2.b.



Mynd 25. Mat þátttakenda á prófsetningu 3.b.



Mynd 26. Mat þátttakenda á prófsetningu 4.b.

